

**ALVÖRU FÓLK LITLAR HET JUR
BERJAST FYRIR LÍFI SÍNU**



BRYNJAR ÓLI



KRÍSTRÓS EIR



BJARKI STEINN

hér & nú

Fimmtudagur 23. mars 2006 - 12. tbl. - 2. árgangur - Verð: 395 krónur

395kr.
blöð í
prjú einu

**Gettu betur
stjúpi!**

KASTLJÓSBARNIÐ FÆTT

LUKKULEG MEÐ TVÖ PABBA

GEORG LÁRUSSON

**Deitar
systur
Davíðs**

ÁSDÍS RÁN OG STELPURNAR

**HITTU
KANYE
WEST**



**SVEPPI OG AUÐI
Í SPILAVÍTI Í SLÓVAKÍU**

ISSN 1670-598X
9 771670 598005 12

L'

O

R



Milla notar
True Match
lit N5 Sand



É

A

L

PARIS

Fyrsti farðinn frá Loréal sem aðlagar sig fullkomlega að lit og áferð húðar.

NÝTT true match

Sérstök blanda sem veitir fullkomna förðun



HVAÐ ER NÝTT

Farði sem aðlagast áferð og lit húðarinnar fullkomlega. Léttur og þægilegur í notkun, mjög auðvelt að stýra áferð hans. Ferskur og eðlilegur, en þekur vel svo húðin virðist lýtalaus.

HVAÐ ER SATT

Einstakir 10 litatónar. Aðlaga sig fullkomlega að þínum eigin húðlit.

HVAÐ ER INN

Húðin verður strax áferðarfallegri. Örfín áferð farðans gerir húðina lýtalaus. Ríkt af B5 og E vítamínum.

HVAÐ ER ÚT

Kekkir og farði með þéttri áferð. Uppgötvaðu fallega áferð og fullkominn lit, loksins farði sem þú munt elska að nota.

Eins nálægt þinni eigin húð og nokkur farði getur verið.

ÞVÍ ÞÚ ÁTT ÞAÐ SKILIÐ.

L'ORÉAL
PARIS



„Besta íslenska glæpasagan 2005“

Pröstur Helgason / Lesbók Morgunblaðsins



TÍMI NORNARINNAR ÁRNI ÞÓRARINSSON

KOMIN Í KILJU

„Glæsilega fléttuð bók.“

Jakob Bjarnar / DV

„Hörkufín glæpasaga með öllu sem til þarf.“

Ingi Þór Kormásson / BOKMENNTIR.IS

„Spennandi og trúverðug.“

Páll Ásgeir Ásgeirsson / Rás 2

„Góður húmor...vel skrifuð bók...góður höfundur.“

Ingo / Blaðið

„Meiriháttar lesning...gat hreinlega ekki slitið mig frá henni.“

Stefán Þór Sæmundsson / hexia.net

„Hrollurinn hríslast um lesandann ... og veldur honum svefntruflunum og martröðum í margar nætur á eftir...“

Birta

JPV

JPV ÚTGÁFA

Erlendir útgefendur slást um Tíma nornarinnar

Þegar hefur verið samið um útgáfu í Danmörku, Finnlandi, Svíþjóð, Noregi, Þýskalandi, Ítalíu og Tékklandi

hér & nú

3 blöð
í einu



16-17

STJÖRNUFRÉTTIR

6-7. Póra Tómasdóttir í Kastljósinu. Átti stelpu.
8. Strákarnir. Í spilavíti í Slóvakíu.
10-11. Georg Lárusson. Með systur Davíðs Oddssonar.
12-13. Ásdís Rán í Barcelona.
14-15. Innlendir fréttir og pistill.
16-17. Brynja Þorgeirsdóttir. Farin yfir á RÚV.
18-19. Erlendar fréttir.
20. Baugsmálið. Clark Kent í dómssal.
22-23. Hvað er að fréttá? Hannes Hólmsteinn í London.

LÍFSSTÍLL

25. Vaxtarræktarvíkingar. Maggi Bess á leið utan.
26-27. Idol - Stjörnuleit. Vöðvatröllíð datt úr kepninni.
28-29. Þorgeir Ástvaldsson. Vinir hans komu honum á óvart.
30-31. Bransasagan. Magnús Kjartansson í ofsaveðri.
32-33. Heitar þingkonur.
34-35. Ungfrú Norðurland. Selma Ósk er sætust
36-37. Helgin með Hér & nú.
38. Stjörnuhús á Laugavegi. Anna Lilja Johansen og Björn Hlynur eru nágarnnar.
40-41. Heilsa. Passaðu þig á páskaeggjunum.

ALVÖRU FÓLK

43. Tangógyðja. Kathrin kennir Íslendingum dans ástarinnar.
44-45. Ástarsagan. Ásdís Rán og Garðar Gunnlaugsson.
46-47. Sakamálasagan. Rútumálið.
48-49. Sirrý segir. Komdu því frá þér.
50-51. Litlar hetjur. Bjarki Steinn er kraftakarl.
52-53. Lítar hetjur. Brynjar Óli fæddist með sjaldgæfan hjartagalla.
54-55. Litlar hetjur. Krístrós Eir fæddist aðeins 3 merkur.
56. Gunni Óla og Sjonni. Spilakallar.
58-61. Sædýrasafnið. Óargadýr í hraunjaðrinum.
62. 10 hlutir... Ari Edwald.
64. Spurðu vin þinn.
65. Skopmyndin.
66-67. Hér & nú stúlkan. Eva María Jóhannesdóttir, 22 ára.
68. Krossgátan.



12-13



34-35



54-55



62



58-61

STELPAN I



Póra og Sigmar
í Kastljósinu
Glæsilegt par.

**Fjölmiðla-
fjölskylda!**

LÍKIST MÓÐUR SINNI

Póra Tómasdóttir í Kastljósinu og Þórarinn Þórarinsson eignuðust barn um helgina

Lítill prinsessa!

Ég var nú ekki viðstaddur fæðinguna en ég kíkti á hana strax seinnipart dags, hún er náttúrulega gullfalleg eins og hún á kyn til," segir Þórarinn Þórarinsson, blaðamaður á Fréttablaðinu, sem eignaðist stelpu með Þóru Tómasdóttur úr Kastljósinu á sunnudaginn. Þórarinn og Þóra voru saman í eitt ár en upp úr slitnaði hjá þeim fljótlega eftir að Þóra varð ólétt. „Það kom fljótlega í ljós að við myndum ekki ala þetta barn upp saman og stelpan verður hjá móður sinni svona framan af. Maður náttúrulega kikir í heimsókn og fylgist með af hliðarlínunni sem er í sjálfu sér nokkuð undarleg staða," segir Þórarinn sem þó vill að það komi fram að stelpan sé í góðum málum. „Þóra er einhver besta manneskja sem ég hef kynnst og móðurhlutverkið á ekki eftir að vefjast fyrir henni," segir Þórarinn og bætir við að Þóra eigi nú meira í stelpunni. „En glögg

fólk þykist sjá einhvern svip af hinum börnunum mínum í henni, það þarf allavega ekkert DNA-próf," segir Þórarinn sem fyrir á tvö börn, en þetta er fyrsta barn Þóru.

Allir kátir og ánægðir


Eftir að upp úr slitnaði hjá Þórarini og Þóru fór Þóra að slá sér upp með Sigvari Guðmundssyni samstarfsmanni sínum úr Kastljósinu og eru þau saman í dag. „Ég verð brjálaður ef fólk heldur að Sigvar Guðmundsson eigi barnið mitt," segir Þórarinn, þó frekar léttur á því.

„Þetta gekk allt mjög vel, stelpan er yndisleg og það eru allir kátir og ánægðir," segir Sigvar Guðmundsson um nýfædda dóttur unnustu sinnar. „Við fórum bara heim í hádeginu á mánudaginn en barnið fæddist snemma á sunnudagsmorgun," segir Sigvar en stelpan var 16 merkur og 51 sm. Fæðingin gekk vel og tók tiltölulega stuttan tíma og segir Sigvar að þær mæðgur séu alsælur heima og líði vel.

Texti: Breki Logason og Jón Mýrdal

„Ég verð brjálaður ef fólk heldur að Sigvar Guðmundsson eigi barnið mitt."

Þórarinn Þórarinsson
blaðamaður Stoltur pabbi.



VÖNDUÐ HÚSGÖGN

NÝJAR VÖRUR

kr. 108.600.-

TUNGUSÓFI - SKEMILL FYLGIR

MICROFIBER ÁKLÆÐI
LITIR: LJÓST (BEIGE OG LJÓSBRÚNN)



ÚRVAL HÚSGAGNA Á VERÐUM SEM
KOMA ÞÉR ÞÆGILEGA Á ÓVART



kr. 119.900.-

MEGAN 3JA SÆTA HÆGINDASÓFI

ÍTALSKT LEDUR
LITIR: DÖKKBRÚNN, LJÓSBRÚNN
OG SANDLITADUR



kr. 84.900.-

PREMIUM SVEFNÓFI

2JA SÆTA SVEFNÓFI MEÐ HEILSDÝNLI
MICROFIBERÁKLÆÐI



kr. 34.900.-

BOSTON HÆGINDASTÓLL

MEÐ RUGGLI OG HÁTT BAK
MICROFIBERÁKLÆÐI
FÆST Í MÖRGUM LITUM

RAFMAGNSNUDD



kr. 43.900.-

MEGAN HÆGINDASTÓLL

MICROFIBERÁKLÆÐI
RAFMAGNSNUDD
LITIR: LJÓSBRÚNN

kr. 43.900.-

BOSTON HÆGINDASTÓLL

MEÐ RUGGLI OG HÁTT BAK
ÍTALSKT LEDUR
LITIR: DÖKKBRÚNN OG LJÓSBRÚNN

kr. 59.900.-

MEGAN HÆGINDASTÓLL

ÍTALSKT LEDUR
RAFMAGNSNUDD
LITIR: LJÓSBRÚNN, DÖKKBRÚNN, SVARTUR OG GULLUR

VISA OG EURO
RÆÐGREIÐSLUR

VISALán
- HAGSTÆÐAR AFBORGANIR

SETT

HÚSGAGNAVERSLUN

OPNUNARTÍMI: **MÁNUD - FÖSTUD** 11:00 - 18:00 **LAUGARDAGA** 11:00 - 16:00 **SUNNUDAGA** 13:00 - 16:00

SETT HÚSGAGNAVERSLUN • ASKALIND 2A - 201 KÓPAVOGUR - SÍMI 534 1400 - WWW.SETT.IS

kaddal/05 2016

ri landsins, Georg
ninn með kærustu

ITAR
STIUN







Sætar Ásdís Rán, Signý og Ósk Norðfjörð skemmtu sér vel.

Íslenskar fyrirsætur skemmtu sér í Barcelona

KANYE WEST BAUÐ

Það var haft samband við mig og ég beðin um að redda fimmtán módelum í partí á Spáni," segir Ásdís Rán Gunnarsdóttir hjá model.is. Það var maður að nafni Ledon sem starfar fyrir alþjóðlegt „entertainment“ fyrirtæki sem hafði samband og var alveg æstur í að fá fallegar, íslenskar stelpur í þetta partí. Á endanum fóru þær tíu út til Barcelona. „Hlutverk okkar í partíinu var að mæta og skemmta okkur. Við flugum fyrst til London og gistum þar eina nótt og kíktum aðeins út á líffið, svo flugum við til Barcelona og þar vorum við sóttar á flugvöllinn," segir Ásdís Rán en stelpunum var boðið út að borða um kvöldið á glæsilegan veitingastað.

Hitti rappstjörnuna

Á meðan á rapptónleikum stjörnunnar stóð létu stúlkurnar stjarna við sig á stórum klúbbi þar sem partíið var svo haldið. „Kanye West mætti þarna og var með stranga öryggisgæslu. Við urðum ekkert sérstaklega ánægðar þegar okkur var tjáð að við fengjum ekkert að fara í herbergið sem hann var í og spjalla við kappann," segir Ásdís sem tók sig til og settist hjá rapparanum og spjallaði dágóða stund við hann og umboðsmann hans. „Þessi Ledon varð svekktur út af því að ég fór inn af sjálfsdáðum en hann vildi ráða þessu öllu saman. Síðan komst ég að því að West vissi ekki einu sinni að fyrirsæturnar væru á staðnum en

hann bauð okkur að koma í annan partí eftir á þar sem bara þeir flottustu væru, þetta var meira svona kynningarpartí," segir Ásdís sem var nokkuð upp með sér yfir að hitta rappstjörnuna.

Afbryðisemi

„Hann bauð mér að koma með öll módelin með mér í partíið. Ég sagði stelpunum þetta og þær urðu allar óðar í að hitta hann enda er hann rosalega flottur," segir Ásdís en þegar Ledon þessi frétti af áætlunum stúlkanna vildi hann ekki leyfa þeim að fara. „Við enduðum því bara allar á hótelinu okkar svolítið fúlar yfir að hafa misst af goðinu en ég held bara svei mér þá að hann Ledon hafi verið hálfabryðisamur, því

„Síðan komst ég að því að West vissi ekki að fyrirsæturnar væru á staðnum en hann bauð okkur að koma í annað partí sem haldið yrði eftir á.“

hann neitaði að borga fyrir hótelerbergið okkar síðasta daginn. Og síðan hef ég ekkert í honum heyrt," segir Ásdís Rán sem hlær bara að uppákomunni í dag.

En þótt hinar stelpurnar hafi bara séð rappstjörnuna en ekki tekist að spjalla við hann tókst Ásdís Rán það. Hún fékk meira að segja mynd af sér með honum. Geri aðrir betur.



Heppnar!

Út að borða Stelpurnar fóru saman á flottan veitingastað.



Hópurinn Ásdís og stelpurnar í Soldánsherberginu á skemmtistaðnum í Barcelona.



Ljúft líf Stelpurnar stunduðu hið ljúfa líf á Spáni.



Kanye West Ásdís Rán og Kanye West í partiinu umtalaða.

Kanye West Er einn heitasti rapptónlistarmaðurinn í dag.

OKKUR Í PARTÍ



Alltaf Góðar

Roastbeefpizza ~ Parmaskinkupizza
Grænmetispizza með sólpuurrkuðum tómötum
Kjúklingapizza með gullosti ~ Ostaveisla með ribsgel

Valbraut

5 68 68 68

Mjódd

Útgáfufélag 365 – prentmiðlar.

Útgefandi Björgvin Guðmundsson og Páll Baldvín Baldvinsson ábm.
Ritstjóri Breki Logason, breki@hognu.is.

Ritstjórn Brynja Björk Garðarsdóttir, brynjab@hognu.is, Jón Myrdal,
myrdal@hognu.is, Ragnar Pétursson, ragnar@hognu.is.

Hér & nú Skaftahlíð 24, 105 Rvík, sími: 550 5000. Fax Auglýsingar:
515 7599 – Ritstjórn: 550 5075. Netfang Ritstjórn: ritstjorn@hognu.is –
Auglýsingar: auglysingar@hognu.is. Setning og umbrot 365 – prent-
miðlar. Prentvinnsla Isafoldarprentsmiðja. Dreifing Pósthúsið ehf.,
dreifing@posthusid.is. Hér & nú áskilur sér rétt til að birta aðsendar
myndir í tímaritinu á stafrænu formi og í gagnabókum án endurgjalds.

Ég hugsa – þess vegna eruð þið

Ný hetja er komin fram hér á landi. Rithöfundurinn Andri Snær Magnason kemur fram á hárréttum tíma. Andri er flottur gaur. Hugmyndir hans og þælingar eru einhvern veginn á allt öðru leveli en manns eigin. Sá upplestur hjá honum í Borgarleikhúsinu á mánudaginn. Þar var hann nánast með standup og mér leið hálfkjána-lega. Grúfði mig bara niður í sætið og skemmaðist mín. Hann þællir nefnilega í hlutunum öðruvísi en allir aðrir. Ef einhver annar hefði lesið upp þessar samsæriskeningar hefði ég bara hugsað um enn einn umhverfisnöttarann. En Andri setur þetta fram á skemmtilegan hátt og maður tekur hann trúan-
legan.

Dráumalandið er klárlega bók sem ég ætla að lesa og sjálfur orðaði hann þetta skemmtilega þegar hann sagði: „Ég hugsa – þess vegna eruð þið.“ Þetta var þó allt saman á léttu nótnum hjá stráknum.

En nú er herinn farinn og Suðurnesjamenn farnir að gráttbjóga um álver eins og allir hinir. Hvernig væri að vera frumlegur, svona einu sinni, og hugsa aðeins lengra, eins og Andri Snær gerir. Nú eru Njarðvíkingar til dæmis með bestu körfuboltamönnum í veröldinni. Væri ekki hægt að vera með körfuboltamannaútergerð uppi á Velli? Ég hef komið í þróttahúsið þarna og það eru bara finar körfur á svæðinu. Ég held að Árni bæjarstjóri ætti að þæla í þessu.

Hér & nú er hins vegar smekktullt af góðu efni. Davíð Oddsson kemur þar við sögu. Vinur hans og prófessorinn með kjaftinn segist sakna kallsins úr stjórnmálunum og systir hans er víst byrjuð með mesta kvennagulli bæjarins. Georg Lárússon kaupir þyrlur á daginn og eyðir rómantískum kvöldum með systur Bubba kóngs.

Svo er Kastljósarnið komið í heiminn og Ásdís Rán fékk að mynda sig með rappstjórnnni Kanye West.

Sakamálið heldur áfram að slá í gegn og við kynnumst þremur litlum hetjum. Við á Hér & nú höldum allavega áfram að skila frá okkur góðu efni. Og eru þá ekki bara allir sáttir?

Breki Logason



Steingrímur Randver Eyjólfsson og Jenný Ósk Jensdóttir.

Steini bachelor situr ekki auðum höndum eftir sambandsslitin



Katla Einarsdóttir

HITTI BACHELOR-GEFILLUR Á OLIVER

Eftir að upp úr slitnaði hjá þeim Steina og Jennýju Bachelor-pari hefur Steini verið duglegur að skemmta sér. Um helgina var Steini á Óliver þar sem fyrir voru þrjár stelpur úr Bachelornum. „Ég fór nú bara í bæinn og kíkti aðeins út um helgina, var í viðtali hjá Mannlífi og svona. Hitti þær þrjár þarna á Óliver en það var ekkert meira en það,“ segir Steini sem þvertók fyrir að hafa verið að slá sér eitthvað upp með Bachelor-stelpunum.



Helga Sörensdóttir

Elisabet Vilborg

Garðar Thor Cortes og frú hress á NASA:

HRISTU RASSANA MEÐ DRIFSKAFTI

Sátorsöngvarinn Garðar Thor Cortes var flottur á því síðastliðið laugardagskvöld á skemmtistaðnum NASA við Austurvöll. Þar var hann að skemmta sér ásamt unnstu sinni Tinnu Lind og þóttu skötuhiúin sýna glæsilega takta á gólfinu. Pau Garðar og Tinna hafa lengi verið eitt glæsilegasta parið í hópi þotuliðsins á Íslandi og má með sanni segja að partíljónin séu dugleg við að sýna sig úti á líffinu enda stórglæsileg bæði tvö. Garðar er nú önnur kafinn við tónleikahald með stórstjórnnni Katherine Jenkins en hún er ein af stærstu óperustjórnum Bretlands og vann til bresku tónlistarverðlaunanna nýverið í flokki klassískrar tónlistar.



Garðar og frú Tóku sveiftuna.

Ekur um á flottasta Bens landsins

Það gengur greinilega vel í bankabransanum. Sigurður B. Stefánsson, einn af toppunum hjá gamla Íslandsbanka nú Glitni, ekur um á einum flottasta Bens landsins. Billinn er af gerðinni Mercedes Benz gls 500 og er metinn á um 10 milljónir króna. Í svona bíl eru allir hugsanlegir aukahlutir og þess varla langt að biða að topparnir í bankabransanum fái sér einkabílstjóra til að aka sér á alla mikilvægu fundina sem þeir þurfa að sitja á degi hverjum.



Ritstjóri Mannlífs gerir allt vitlaust uppi á Fróða

SPILAR BORN TO BE WILD ALLA DAGA

Það er sjaldnast lognmolla í kringum Mannlífsritstjórn með hattinn, Reyni Traustason.

Nanna Rögnvaldsdóttir matgæðingur á Gestgjafanum er með skrifstofu við hliðina á ritstjórnunum uppi á Fróða. Heldur Nanna úti stórskemmtilegri blogg síðu þar sem hún segir frá kynnum sínum af Reyni. Virðist ritstjórnin spila slagarann úr Easy Rider, Born to be Wild, alla daga inni á skrifstofu hjá sér við litla hrifningu Nönnu. Einnig tók Reynir



upp á því að skipta um hringingu á gema sanum sínum, sem er sú sama og Nanna er með, en síminn hans

hringir víst allann daginn. „Ég er alltaf að ruglast og leita að gema sanum mínum út um allt,“ skrifar Nanna á heimasíðu sína. Annars er segir gaman að lesa Mannlíf eftir að þeir feðgar, Reynir og Jón Trausti, tóku við blaðinu. Sagan segir að Steini bachelorfái að láta gamminn geisa í næsta tölublaði.

Hugleikur Dagsson

Semur söngleikinn Leg

Fjöllistamaðurinn Hugleikur Dagsson, sem samdi leikritið Forðist okkur, hefur nú hafist handa við að semja söngleik sem gert er ráð fyrir að sýndur verði í Þjóðleikhúsinu á næsta leikári. Vinnuheitíð á söngleikum er Leg en ekki er ákveðið hvort það verði endanlegt nafn. Leikritið Forðist okkur fer hins vegar aftur á fjalirnar í næsta mánuði en uppselt var á hverja einustu sýningu í fyrra.



HELGIN SEM LEIÐ Á DJAMMINU

Það var nóg að gerast um helgina en á föstudag voru haldnir langþráðir tónleikar með Ampop og Diktu á vegum Rásar 2. Þar mátti meðal annars sjá fyrirætuna **Nínu**



Björk Gunnarsdóttur og **Svala** útvarpsmann með meiru og á Hverfisbarnum var poppstjarna Íslands **Ingó** úr Idolinu



hress á því. Á laugardaginn voru **Garðar Thor Cortes** og frú hress á NASA en þar var glysrokksveitin Drífskaft að spila. Einnig mátti sjá **Þorgerði Katrínu** ráðherra á spjalli við **Arnar Grant** og **Ívar**

kvöld og mátti sjá á breiðu brosi kappans á Óliver þar sem hann sat að sumbli með **Rikka**



G að hann hafði fengið margt fallegt í afmælisgjöf frá félaganum **Ásgeiri Kólbeins**.

HRINGDU INN FRÉTT OG FÁ ÞU PENING

550 50 70 15.000 krónur

Sástu einhvern frægan gera eitthvað fyndið? Veistu eitthvað sem enginn annar veit? Af hverju ekki að hringja í Hér & nú og fá smá pening fyrir fréttaskot? Fréttaskotssimsvarinn okkar er 550 50 70. Láttu í þér heyrna og þú gætir átt fréttaskot vikunnar og fengið 15.000 krónur fyrir. Ef fréttin fer á forsíðu færðu 5.000 krónur og 3.000 ef fréttin þín ratar inn í blaðið. Láttu endilega í þér heyrna.



FRÉTTASKOT hér& nú


Stjörnusól

Stjörnusól er fyrsta og ennþá eina söfbaðotofa landssins sem býður upp á styrkleikakerfi Cosmedico!

Það þýðir að hver og einn getur fundið perur fyrir sína húðgerð, en Cosmedico perurnar eru í mismunandi styrkleikum þannig að allir sem á annað borð þola sólarljós ættu að geta fundið eitthvað við eitt hæli.

Komdu til okkar að Fjarðargötu 17 Hafnarfirði og finndu muninn

Stjörnusól sími: 555-7272



Gegn framvísun þessa miða fær þú

25% afslátt af verðskrá*

*Úttilt sýngingur í mats og ekki með sömum lífubúum

Brynja Þorgeirsdóttir hættir á NFS

VERÐUR KÓNGUR UM STUND Á RÚV

Já, það er rétt, Kóngur um Stund verður á RÚV í sumar," segir Brynjar Þorgeirsdóttir þegar hún er spurð hvort hún sé að kveðja Nýju fréttastöðina og gerast ríkisstarfsmaður. „Það er nú ekki alveg ljóst hvenær ég fer, kannski verður það um næstu mánaðamót eða þar á eftir," segir Brynja og á henni heyrir að hún kveður með söknuði. „Það var bara ekkert búið að ganga frá því að þátturinn yrði á Stöð 2 næsta vetur þó að ég hefði verið búið að þrýsta á það.“

Brynja er sjálf mikil hestamanneskja en þættirnir slógu í gegn síðasta sumar. Þá var farið með landsþekktum hestamönnum í útreiðartúra auk þess að kynna hestunum á skemmtilegan máta. „Þessi þáttur var mér bara svo mikið hjartans mál og ég vildi halda honum áfram.

Það var ekki búið að ganga frá þessu og því fór sem fór," segir Brynja sem lengi hefur verið ein af flottustu fréttakonum þessa lands.

En ferðu ekki bara að lesa fréttir á RÚV?

„Nei, ég veit það ekki, það kemur bara í ljós," segir Brynja dularfull.

Vantar ekki alltaf sætar stelpur í fréttirnar?

„Vantar ekki bara alltaf klárar stelpur?" segir Brynja og hlær. Hún á án nokkurs vafa eftir að sóma sér vel í ríkissjónvarpi landsmanna og verður gaman að sjá hana í hestaferðum í sumar.

En hvernig er það, ertu komin með kærasta?

„Nei, ég er ennþá á lausu, veistu um einhvern?" segir Brynja Þorgeirsdóttir að lokum og hlær.



Brynja Þorgeirsdóttir
Verður með hestapáttinn sinn á RÚV í sumar.

„Vantar ekki bara alltaf klárar stelpur?"



Hestakona Brynja er sjálf mikil áhugakona um hesta.

STJÖRNU-
FRÉTTIR

**Sleppir ekki fram af sér
beislinu** Brynja er á laflausu og
ekki komin með neinn kærasta.

Ég sé um hestinn...
...þú sérð um hnakk-
inn! Gæti Brynja verið
að syngja hér.

Flippari Brynja hefur lengi
verið ein af flottustu fréttá-
konum þessa lands.



**Brad Pitt og Angelina Jolie
eru að fara að gifta sig:**

GIFTA ÞAU SIG Á ÍTALÍU?

Villa George Clooney Á þessum stað segir sagan að brúðkaupið muni fara fram.

Undanfarið hafa sögusagnir um brúðkaup þeirra Angelinu Jolie og Brads Pitt gengið fjöllumum hærra í Hollywood og nýjasta slúðursagan segir að skötu-hjúin ætli að láta þússa sig saman í villu á Ítalíu í eigu vinar þeirra George Clooney. Fjölmíðlafulltrúar parsins verjast allra fréttu sem virkar aðeins sem olía á eld þann sem blossað hefur upp í slúðurblöðum þar vestra en þau Brad og Angelina eru einnig sögð vera í frekari ættleiðingarhugleiðingum. Hvernig sem allt fer má með sanni segja að þau Brad og Angelina yrðu með allra heitustu hjónakornum í Hollywood.



Flott par Þau Angelina og Brad eru flott par og langar að ganga í það heilaga.

Ballett í Hollywood: COLIN STRIPPAÐI FYRIR SÖLMU


Hjartaknúsarinn Colin Farrell dansaði nakinn ballettdans fyrir mótleikkonu sína Sölm Hayek til þess að hjálpa henni að slaka á fyrir nektarsenu með honum. Salma var víst hrædd við orðspor flagarans og faldi sig fyrir tókur á atriði í nýjustu mynd þeirra, Ask the Dust, greinir breska dagblaðið The Mirror frá í síðustu viku.

„Ég kom loksins út úr

búningsherberginu í slopp og Colin var allsber frammi, hoppandi upp og niður í ballettdansi,“ sagði Salma í viðtali við blaðið.

„Ég fór að hlæja og þetta hjálpaði mér að slaka á,“ bætti leikkonan við.

„Hann var fullkominn herra- maður á meðan á tökunum stóð og horfði aldrei niður á nakinn líkama minn, aðeins í augu mín,“ sagði hún sátt við Colin.



Draumaprins Sharon Stone er nörd

Leikkonan kynþokkafulla segir að draumamaður hennar sé alger lúði. „Maðurinn sem ég er að leita að mundi ganga í náttfötum með myndum af Svampi Sveinssyni og sitja í þeim á skólaleikritinu,“ sagði hún í viðtali við breska dagblaðið The Sun.

„Menn sem halda að þeir séu töff eru ekki svalir í mínum augum,“ bætti hún við. Hún talaði einnig um að hún hefði verið á báðum áttum með að birtast í nektarsenum í framhaldsmyndinni Basic Instinct 2. „Ég var mjög taugaóstyrk. Svo hrósaði vinur minn mér þegar ég var búin að klæða mig úr. Þá leið mér frábærlega,“ sagði leikkonan fagra.



Gelgjustælar í Hollywood-hæðum: MAMMAN NICOLE

Stjarnan úr Simple Life Nicole Richie er svo sannarlega umdeild um þessar mundir. Hún var við tókur á nýjustu þáttaröðinni þegar hún spurði 11 ára dreng dóna- lega hvort hann teldi hana vera kynþokkafulla eldri konu. Stjarnan þokkafulla gekk að drengnum þar sem hún ýtti barnavagni á undan sér niður götu í Los Angeles og spurði þessarar vafasömu spurningar. Þegar ringlaður drengurinn svaraði því að hann

vissi ekki hvað hún ætti við, þá svaraði hún því hreinskilnislega til að spurningin varðaði hvort hann langaði að sofa hjá henni. Tveir myndatökumenn úr þáttunum festu atvikið á filmu en faðir drengsins, sem heyrir hafði samtalið í heild sinni, varð ævareidur og neitaði að skrifa undir samning þar sem hann gæfi leyfi sitt fyrir birtingu efnisins. Faðirinn hefur einnig lagt fram kvörtun til framleiðenda þáttarins.



Stefán Boulter



Haraldr Bilson



Sossa



LISTMUNASALA
fold
ART GALLERY

ÍSLENSK LIST
ER GÓÐ GJÖF

RAUÐARÁRSTÍG 14-16, SÍMI 551 0400 • KRINGLUNNI, SÍMI 568 0400 • www.myndlist.is

Hér & nú fylgdist með Baugsmálinu

Clark Kent Sigurður
Tómas Magnússon skipaður saksóknari í Baugsmáli og Clark Kent.

STJÖRNU-
FRÉTTIR

CLARK KENT Í HÉRAÐSDÓMI

Heil herdeild fjölmiðlamanna stóð á Lækjartorgi og stillti græjurnar. Það var ekki bara venjulegur miðvikudagur, heldur sannkallaður Dómsdagur. „Ætli þeir mæti?“ hugsuðu menn með sér og áttu þar við sakborningana í Baugsmálinu. Sveinn Andri Sveinsson lögmaður kom skeiðandi yfir torgið með kaffibolla í hendi og bros á vör. Hann ræddi við þá sem mættir voru og spennan í loftinu leyndi sér ekki. Myndatökumenn sjónvarpsstöðvanna flæktust hver fyrir öðrum og ljósmyndararnir prófuðu flassið. Fljótlega mættu skikkjuklæddir lögfræðingar og strunskuðu inn í sal 101. Pókerfés.

Liðin tvö stilltu sér upp hvort andspænis öðru og salurinn var þéttsetinn. Ljósmyndarar og myndatökumenn kepptust við að mynda stemninguna. Það var þó ekki jafnt í liðunum. Þó að Baugslíðið hafi verið fjölmennara tefldi ríkissaksóknari fram áður óþekktum manni. Ég sá ekki betur en að Clark Kent, betur þekktur sem venjulega hliðin á Súperman, væri í liði með settum ríkissaksóknara. Vatnsgreiddur,

hávaxinn og með svört tþugleraugu. „Má þetta?“ hugsaði ég með mér rétt áður en dómsvörður rak ljósmyndara á dyr. Á þessum tímamarki minnti stemningin á síðustu sekúndurnar fyrir leiksyningu. Salurinn þagði og beið eftir að tjaldið yrði dregið frá.

Dyrnar í horninu opnuðust og inn gengu þrír virðulegir dómamar. Salurinn stóð upp og kallinn í miðjunni tók til máls. „Dómur er settur.“ Og allir í salnum settust niður.

Spennan magnaðist. „Ákærðu, Jón Ásgeir Jóhannesson, Jóhannes Jónsson, Kristín Jóhannesdóttir, Tryggvi Jónsson, Stefán Hilmar Hilmarsson og Anna Þórðardóttir, eru sýkn af ákæru í máli þessu,“ las kallinn í miðjunni og tjaldið var dregið fyrir. Fjölmiðlamenn kepptust við að ná tali af leikmönnum sem vildu þó ekkert tjá sig. Ég gekk út á torgið og hugsaði mér: „Sirkusinn er á enda.“

„Ég sá ekki betur en að Clark Kent, betur þekktur sem venjulega hliðin á Súperman, væri í liði með settum ríkissaksóknara. Vatnsgreiddur, hávaxinn og með svört tþugleraugu.“



Kærasti Birgittu Benedikt Einarsson laganemi og **kærasti Birgittu Haukdal** fylgdist með. **Amar Jensson** frá efnahagsbrotadeild lögreglunnar situr við hlið hans.



Baugslíðið Lögfræðingar Baugsmanna biða rólegir.

Fjölmiðlafar Allir blaðamenn landsins voru mættir í héraðsdóm.

CLAUDIO FERRICI

Ný sending af töskum



Atson

Leðuriðjan ehf. Brautarholti 4
sími 561 0060

ÉG

HVAÐ
ER AÐ
FRETTA?

*„Sannleikurinn er
samt sá að allar
mínar tekjur fara
í málskostnað.“*

Hannes Hólmsteinn Er
í rannsóknarleyfi fram á
haust og dvelur erlendis.

Hannes Hólmsteinn Gissurarson dvelur erlendis fram á haust

SAKNA DAVÍÐS

Ég er í rannsóknarleyfi erlendis og er að skrifa fræðigreinar og undirbúa fyrirlestra," segir Hannes Hólmsteinn Gissurarson sem farið hefur víða á síðustu misserum. „Ég er með bækistöðvar í Lundúnum og hef svo ferðast héðan. Svo hef ég líka verið að sinna þessum málum Jóns Ólafssonar," segir Hannes en það eru þrjú mál í gangi gegn prófessornum. Jón Ólafsson er með eitt í gangi í Bretlandi og annað á Íslandi. „Svo eru Laxness-systur með eitt mál í gangi gegn mér. Þetta eru þrjú dýr mál og ég þarf að fylgjast með þeim og undirbúa gagnaöflun og fleira.“

Vel metinn erlendis

Hannes vinnur nú við að undirbúa fyrirlestra sem hann ætlar að flytja í vor. Einn í Frakklandi um eignarrétt og annan um kvótakerfið á Íslandi. „Ég verð í þessu rannsóknarleyfi fram á haust og er svo að fara á aðalfund Montpellier-samtak-

anna í nóvember," segir Hannes sem hefur lengi starfað fyrir samtökin. „Þarna eru nokkrir nóbelsverðlaunahafar í hagfræði og svo mjög þekktir fræðimenn. Samtökin hafa nú aldrei verið að sækjast eftir valdamönnum en þarna eru líka menn eins og varnarmálaráðherra Ítalíu og forseti Tékklands," segir Hannes en þetta eru samtök frjálslyggjumanna.

Vonaði að Baugsmenn yrðu sýknaðir

Hann hefur lítið fylgst með Baugsmálinu þar sem hann hefur verið erlendis. „Maður er alveg úr tengslum við Ísland en mér skilst að þeir hafi verið sýknaðir, ég vonaði það nú reyndar.“

En er Hannes Hólmsteinn meira metinn úti í heimi en á Íslandi?

„Ég held nú að ég sé ekkert illa metinn á Íslandi en ég á marga vini og kunningja úti í heimi. Mér er oft boðið á

ráðstefnur og að halda fyrirlestra, það vantar ekki," segir Hannes sem segist fá ágætlega greitt fyrir fyrirlestra sína. „Sannleikurinn er samt sá að allar mínar tekjur fara í málskostnað," segir Hannes frekar léttur á því.

Skrifar bók

Saknarðu Davíðs úr stjórn-málunum?


„Já, ég geri það og ég held að það geri það allir, nema þá kannski Ingibjörg Sólrún Gísladóttir," segir hann og hlær.

Þegar Hannes kemur aftur úr rannsóknarleyfi sínu tekur við venjuleg kennsla hjá honum. „Svo getur verið að ég gefi út bók í haust


en það er leyndarmál," segir Hannes mjög leyndardómsfullur. Hannes varðist allra fréttu þegar hann var spurður hvort þetta væri skáldsaga. „Það væri nú margt vitlausara, það get ég sagt þér.“ Og þegar hann var spurður hvort Einar Káráson og Jón Ólafsson væru aðalsöguhetjur bókarinnar vildi hann ekkert meira um málið segja.



Vinirnir Davíð Oddsson og Hannes eru miklir vinir.



Fræðimaður Hannes er að undirbúa fyrirlestra sem hann ætlar að flytja í vor.



Prófessor Þegar heim er komið fer hann aftur að kenna og skrifa bók.

Leik Höllin

Leikur og List

**Námskeiðin hefjast vikuna 3.-9. apríl
Hringdu og skráðu barnið þitt núna**

- Ípróttá og leikjanámskeið
 - Tónlistanámskeið
 - Listanámskeið
 - Meðgöngujóga
 - Ungbarnanudd
- Haltu uppá **afmælið** fyrir barnið þitt í Leikhöllinni



**Námskeiðin eru fyrir börn frá
aldrinum 1 mánaða til 9 ára.**

S: 517-7900

www.leikhollin.is Bæjarlind 14-16 kóp

LÍFSSTÍLL

Vaxtarræktartröllið Maggi Bess og Alex vígðir sem víkingar:

Tveir hrikalegir

Egill hefur góða trú á Magga og segir hann einn þann hrikalegasta í bransanum í dag.

Vígalegir!

VAXTARRÆKTAR VÍKINGAR VÍGÐIR

Þeir Magnús Bess og Axel Heiðar Guðmundsson eru á leið utan að keppa í vaxtarrækt og af því tilefni héldu þeir félagarnir styrktarkvöld á Fjörukránni í Hafnarfirði. Þar voru þeir vígðir sem víkingar og voru allvígalegir í viðeigandi klæðnaði.

„Þetta gerist ekki á einni nóttu, þetta er vinna,“ sagði Magnús þegar blaðamaður innti hann eftir því hvort hann hefði bara svona góð gen eða hvort hann þyrfti að hafa fyrir rosaalgum skrokknum á sér. Þeir félagarnir tóku að því loknu nokkrar armbeygjur áður en þeir voru myndaðir og eftir myndunum að dæma eru þeir nokkuð vel undirbúnir fyrir mótaröðina sem hefst í Finnlandi í næsta mánuði.



Flottir Maggi Bess og Alex fengu Biblíu fallega fólksins að gjöf frá Agli Gillzenegger sem var ánægður með kappana.



Sáttir Strákarnir voru sáttir með viðurkenningarskjal Víkingafélagsins.



Vaxtarræktarvíkingar Þeir Maggi Bess og Alex eru sannkallaðir víkingar og hafa nú verið vígðir.



Sannir víkingar Þeir Magnús og Axel voru sannir víkingar eftir að þeir voru vígðir.

Texti: Brynja Björk Garðarsdóttir H&N-mynd: Ómar V

Alexander Aron datt út í Idol - Stjörnuleit á föstudaginn:

VÖÐVATRÖLLIÐ KV



Æstir aðdáendur Aðdáendur Ínu voru æstir í að berja goðið sitt augum.

Idol - Stjörnuleit heldur áfram og eru nú leikar heldur betur farnir að æsast. Á föstudag fór fram áttundi úrslitabáttur Stjörnuleitarinnar og var þema báttarins íslensk popplög. Allir keppendur Idolsins stóðu sig með mikilli þryði en að lokum varð vöðvatröllið úr Breiðholtiinu, Alexander Aron, að kveðja. Tröllið lét engan bilbug á sér finna og kvaddi Idol - Stjörnuleit með bros á vör í lok kvöldsins.



Stoltir foreldrar Foreldrar Ínu voru mættir í Smáralindina til að styðja stelpuna sína.



Alltaf sæt Briet Sunna var sæt í Smáralindinni.

Mættur til að horfa á Poppstjarna Íslands, Ingó, var mættur til að horfa á keppendurna sem eftir standa í Stjörnuleitinni.



EDUR



**Idol-
stjörnur!**



Alexander Aron
*Fór heim með
bros á vör.*

ÉG BARA TÁRAÐIST VIÐ A



30 ár!



Félagar Gulli Helga, Hemmi Gunn og Ragnar Bjarnason.



Með klútinn „Ég er nú bara tilfinninga- vera og maður ræður ekkert við þetta.“



Útvarpsmennirnir Svali á FM 957 lét sig ekki vanta.

Táraðist Þorgeir átti erfitt með sig.

„Það var nú reyndar Eiríkur Jónsson á DV sem hringdi í mig og sagðist hafa uppgötv- að að ég væri búinn að vera í þessu í þrjátíu ár. Ég þurfti að fara niður á Lands- bókasafn til þess að komast að þessu enda held ég að ég sé ennþá unglingur.“

ÞU SJÁ ÞESSA VINI MÍNA

Vinir Þorgeirs Ástvaldssonar komu honum á óvart um helgina

Ég er nú bara tilfinningavera og maður ræður ekkert við þetta, sérstaklega þegar maður er tekinn svona í bólinu, þá fara tilfinningarnar af stað og maður á að fylgja þeim út, ég táraðist við að sjá þessa vini mína," segir Þorgeir Ástvaldsson sem á þrjátíu ára starfsafmæli um þessar mundir.

Þorgeir var staddur með Jóni Ársæli Þórðarsyni uppi í sveit, þaðan sem hann er ættaður, en sá síðarnefndi er að gera sjónvarpsþátt um Þorgeir. „Svo hringir Raggi Bjarna í mig klukkan fimm og biður mig að syngja með sér í Ásbyrgi fyrir eitthvert fyrirtæki sem var á leið á árhátíð. Við höfum unnið mikið saman og ætluðum að taka nokkur svona upphitunarlög. Ég hleyp heim í gallann og þegar ég mæti stendur allur skarinn og hlær að mér, þetta kom algjörlega gjörsamlega á óvart," segir Þorgeir sem hefur frekar sjálfur verið að

hrekka fólk í gegnum tíðina.

Þorgeir segist sjálfur lítið hafa skráð niður af því sem hann hefur verið að gera í gegnum tíðina. „Maður hefur bara tekið því sem kemur næst. Það var nú reyndar Eiríkur Jónsson á DV sem hringdi í mig og sagðist hafa uppgötvað að ég væri búinn að vera í þessu í þrjátíu ár. Ég þurfti að fara niður á Landsbókasafn til þess að komast að þessu enda held ég að ég sé ennþá unglingur," segir Þorgeir léttur á því.


Fyrir þrjátíu árum byrjaði hann með popppátt á Rás 1 niðri á Skúlagötu 4. „Þar sem ég er staddur núna, í Skaftahlíðinni með Bylgjunni, byrjaði ég sem þjakkur í unglingshljómsveit. Svo breyttist þetta í Tónabæ og þá lá leið mín í diskótekið því ég átti ekki fyrir saltinu í grautinn, nýkominn úr háskóla og var kominn með barn. Þá kom til mín gömul

skólasystir, Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir nú þingmaður Samfylkingarinnar, og spurði hvort ég vildi leysa eitthvað af í útvarpinu," segir Þorgeir sem hló að þessari uppástungu í byrjun.

„Ég var á leiðinni til útlanda að læra skipulagsfræði en er ekki ennþá farinn," segir Þorgeir sem fór í Sjónvarpið eftir þetta þar sem hann var með Skonrokk. Svo var hann fyrsti útvarpsstjóri Rásar 2. „Í millitíðinni hringdi Ragnar Bjarnason í mig og ég fór aftur í hljómsveitarbransann, gerðist heima- vinnandi húskarl og fór síðan með Sumargleðinni í fimm ár um landið."

Svo stofnaði Þorgeir Stjórnuna, Aðalstöðina og hefur verið á Bylgjunni síðustu fimmtán árin. „Ég er ekki ennþá kominn úr þessari vinnu og hef bara látið þetta ráðast."


Texti: Breki Logason H&N-mynd: Ómar V



Hressir Ómar Ragnarsson lét sig ekki vanta.



Gabbaður Ragnar Bjarnason bað Þorgeir að spila með sér en kom honum svo á óvart.




Sáttir Valtýr Björn Valtýsson var mættur.



Flottir Hemmi Gunnarsson var að sjálfsögðu einn af þeim sem skipulögðu teitið.

Magnús Kjartansson segir frá ferðalögum hljómsveita sinna



Júdas Hljómsveitin Júdas þurfti að hoppa yfir þilfarið á Akraborginni.

Bíllinn Magnús Kjartansson og bíllinn hans. Ekki er vitað hvort þetta er umræddur bíll.

BÍLLINN SNÉRIÐ Á PUNKTINUM ÁN ÞESS AÐ VIÐ TÆKJUM EFTIR ÞVI



Maggi Kjartans Hefur upplifað margt á löngum tónlistarferli.

BRANSASAGA

Hljómsveitin Júdas var eitt-hvað sein og þurfti að stökkva um borð í Akra-borgina eitt sinn. Þegar maður sá að skipið hafði lagt úr höfn gat maður stökkið um borð með því að keyra niður á varðskips-bryggjuna því þeir gátu sett rassgatið á borginni við bryggju og þá kastaði maður sér yfir með gítarana og allt saman. Þetta gat oft verið helvíti spennandi en maður mátti ekki venja sig á þetta,“ segir Magnús Kjartansson hljómborðsleikari og bætir við: „Ef maður dreif ekki þá fór maður bara í sjóinn.“

Brjálað veður

Eitt sinn var hljómsveit

Magnúsar Kjartanssonar á leið í Borgarnes. „Þetta var á gamlárskvöld, líklega árið 1985, og það átti að vera heljarinnar gamlárball á hótelinu,“ rifjar Magnús upp en með honum í hljómsveitinni á þessum tíma voru Vilhjálmur Guðjónsson, Finnbogi bróðir Magnúsar, Gunnar Jónsson trommari frá Selfossi og Hjörtur Howser sem þá spilaði á hljómborð líkt og Magnús.

„Þegar við erum búnir að gera okkur klára og erum að keyra úr bænum gerir alveg vitlaust veður en við ákváðum að þrjúskast við að keyra þetta en fórum mjög varlega,“ segir Magnús sem vanur er að keyra út á land í spilerí.

„Þegar við vorum komnir langleiðina upp á Kjalarnes fór mönnum að hætta að lítast á blikuna því trukkar og flutningabílar lágu út af í köntunum, en við ákváðum þó að halda áfram,“ segir Magnús en á þessum tímupunkti hugsuðu menn einungis um að gera sitt besta.

Enduðu á Broadway

„Svo gerir svona rosalegan byl og við sjáum ekki neitt út um gluggann og ákveðum að stoppa frekar aðeins en að keyra út í móa,“ segir Magnús en þarna sáu menn rétt húddið á bílnum. Þeir keyrðu svo áfram í dágóða stund. „Loksins sáum við einhver ljós og héldum að

við værum komnir upp á Kjalarnes en þá vorum við að koma inn í Mosfellsbæinn aftur. Þá hafði bíllinn snúist á punktinum án þess að við tækjum eftir í einni vindviðunni,“ segir Magnús en menn tóku þessu sem skýru merki um að halda ekki áfram.

„Við tókum bara hús á vini okkar í Mosfellsbæ og sátum þar á sumblí þar til lægði. Þá var klukkan orðin svo margt að við fórum bara í bæinn á Broadway og eitthvað,“ segir Magnús og bætir við: „Það sem var skemmtilegast var að við stóðum allir í þeirri trú að við værum að fara vestur en enduðum svo í Mosfellsbæ.“

Á Alþingi sitja flottar konur



SIV FRÍÐLEIFSDÓTTIR

Hér er Siv í svörtum jakka og með skemmtilegan litríkan klút. Varaliturinn undirstrikar fallega andlitsdrætti og er hún ávallt vel til fara í vinnunni. Siv er ein af mest áberandi og glæsilegustu konunum á þinginu.



DAGNÝ JÓNSDÓTTIR

Dagný er með þeim yngri í þingsalnum og klæðist gjarnan þægilegum fatnaði. Hún er lítið fyrir þrjál eða skraut og klæðist heldur stílhreinum fötum sem hún skreytir svo með fallegu skarti. Dagný vill vera snyrtileg í vinnunni en lætur ekki mikið á sér bera hvað varðar litadýrð.



ÞORGERÐUR KATRÍN GUNNARSDÓTTIR

Þorgerður er partíþían í hópnum. Hún ve hvað hún hefur og er óhrædd við að sýna það. Þorgerður klæðist yfirleitt fatnaði sem kvæmt nýjustu tísku og er með trendin á hreinu. Á þessari mynd er hún í pontu og klæðist töff gráu vesti yfir hvíta skyrtu en það er einmitt heitasta tískan í vetur.

Sexí!

FLOTT KLÆDDAR Þ

Þingmönnum er gert að mæta snyrtilegir til vinnu þó að ekki séu neinar sérstakar reglur um klæðaburð manna í þingsal. Þó er ætlast til þess að karlmenn séu í jakkafötum og með bindi. Konurnar hafa hins vegar aðeins meira svigrúm til að sýna smekkvísi og hér höfum við þær glæsilegustu í þingsalnum.



KATRÍN JÚLIUSDÓTTIR

Katrín er yngst kvenna í þinginu og hún klæðir sig skemmtilega í vinnunni. Hún er mikið fyrir skæra liti og notar þá með sigildum jökkum eða buxum og skreytir sig með töff og óvenjulegu skarti.

KOLBRÚN HALLDÓRSDÓTTIR

Kolbrún er með glæsilegri konum í þingsalnum en hún er mikið fyrir jarðliti. Kolbrún veit hvað fer henni vel og kann að klæða sig glæsilega án þess að vera of fín. Hér er hún í pontu í fallægum gráum jakka og svartri blússu undir. Kolbrún þykir afar þokkafull kona og gefa þingmennirnir henni vafalaust oft auga.

INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR

Þessi kona hefur afar sterka nærveru. Ingibjörg er stórglæsileg kona og hnífskörp hvað varðar menn og málefni. Þó er hún ótrúlega rómantísk og smekklek þegar kemur að klæðaburði og hefur vakið athygli fyrir óvenjulegan smekk. Ingibjörg notar mikið stóra og flotta skartgripni auk þess sem hún gengur mikið í íslenskri hönnun.

INGKONUR Í PONTU

Texti: Brynja Björk Garðarsdóttir

Selma Ósk Höskuldsdóttir var valin ungfrú Norðurland



Stelpurnar Þær voru glæsilegar, stelpurnar í keppninni.

FEGURSTU KONU



Allar frá Akureyri!

Á leið í Ungfrú Ísland Pála Dröfn (4. sæti), Lísbet Hannesdóttir (3. sæti), Selma Ósk (1. sæti) og Hildur Hauksdóttir (2. sæti).

Það hefur oft verið sagt að fallegustu konur landsins séu að norðan. Hvort sem það er KEA-skyrið, Brynju-ísinn eða ein með bókstaflega öllu, þá voru stelpurnar í Ungfrú Norðurlandi einkar glæsilegar í ár. Keppnin fór fram um síðustu helgi í Sjallanum á Akureyri og heppnaðist kvöldið glimrandi vel. Það var 19 ára Akureyrarmær, Selma Ósk Höskuldsdóttir, sem sigraði en 19 stelpur tóku þátt. Selma hlaut alls fimm titla þetta kvöldið.

Selma mun líklega gera fina hluti í Fegurðarsamkeppni Íslands sem haldin verður í maí en þær sem lentu í fjórum efstu sætunum fyrir norðan taka þátt í þeirri keppni. Hinar þrjár koma einnig allar frá Akureyri. Hildur Hauksdóttir lenti í 2. sæti og Lísbet Hannesdóttir tók 3. sætið. Það var svo Pála Dröfn Sigurðardóttir sem hreppti það 4. Það verður gaman að fylgjast með stelpunum á sviðinu á Broadway í maí.

Texti: Breki Logason – H&N-mynd: heiða.is



Fallegust Selma Ósk Höskuldadóttir var valin ungrú Norðurland.

Norðlensk fegurö!



Flott Selma tók sig vel út á nærfötunum.

R NORÐURLANDS




Systkinin Hildur sem lenti í 2. sæti er systir Haffa sem vann Herra Norðurland á dögnum.



Sportstúlkan Lisbet hafnaði í 3. sæti og var valin Sportstúlkan.

FÓTBOLTAFOLA

**Helgin með
Hér & nú**



B TÓNLEIKAR



Miðbærinn er fullur af stjörnum

STJÖRNUHÚS Á LAUGAVEGI

LÍFSSTÍLL

Á miðjum Laugaveginum, nánar tiltekið númer 40, er nýreist fallegt hús. Það skýtur kannski svolítið skökku við að þar sé glænytt hús því húsin í kring eru mörg orðin ansi gömul. Húsið sem þar var fyrir brann nefnilega til kaldra kola fyrir nokkrum árum og því var þetta glæsilega hús reist. Í húsinu búa margar stjörnur. Fyrstan skal nefna stórleikarann og vonarstjörnu Íslands, Björn Hlyn Haraldsson. Stjörnulögfræðingurinn Sigríður Rut Júlíusdóttir er þar einnig en hún hefur vakið mikla athygli í lögfræðiheimum undanfarið. Annar lögfræðingur og kannski ekki síður merkilegur, Vilhjálmur Hans Vilhjálmsson, býr líka í húsi númer 40. Hann er einmitt að slá sér upp með fyrirverandi kókdrottningunni Önnu Lilju Johansen. Svo er það stjörnuþarið Árni Elliot og Chloe Ophelia sem búa í fallegri íbúð í húsinu. Laugavegur 40 er sannkallað stjörnuhús.

Vilhjálmur Hans Vilhjálmsson

Anna Lilja Johansen

Sigríður Rut Júlíusdóttir

Björn Hlynur Haraldsson

Chloe Ophelia Gorbulew
Árni Elliot Swinford

Góðar vörur, góð þjónusta, sanngjarnnt verð



...og þú
gengur að
gæðunum
vísun!



Reynir
Bakari



Reynir
Bakari

Dalvegi 4 • Sími 564 4700

Hamraborg 14 • Sími 554 4200

Opið: Mánud.-föstud. 06:00 - 18:00, laug. 06:00 - 17:00, sunn. 07:00-17:00

Opið: Mánud-laugard. 08:00 - 18:00, laug. 08:00-16:00, sunn. 09:00-16:00

PASSAÐU ÞIG Á P

Páskarnir nálgast óðfluga og með þeim súkkulaðiflóðið sem er óhjákvæmilega hluti af þessari skemmtilegu hátíð

NOKKUR HEILRÆÐI

1. Forðastu hitaeiningaríkan mat. Ef þú innbyrðir fleiri hitaeiningar en þú brennir fitnar þú auðvitað.
2. Fáðu þér eitt páskaegg og borðu það rólega yfir páskana en ekki rífa það í þig á einum degi.
3. Þó að þú borðir súkkulaði verður þú að fá næringarríkan mat. Borðu nóg af grænmeti og ávöxtum.
4. Drekktu mikið af vatni, það eykur brennsluna.
5. Borðu páskaeggið þitt fyrri hluta dagsins, þá er líklegra að þú brennir hitaeiningunum.

PÁSKAEGGJUNUM

Um páskana þykir mörgum gott að fá sér páskaegg enda er það stór hluti af hátíðinni að gúffa í sig þessum bragðgöðu súkkulaðieggjum. Þessu sælgætisáti fylgir þó óhjákvæmilega nokkur þyngdaraukning nema fólk gæti hófs í. Hér & nú tók saman nokkur ráð sem ættu

að hjálpa fólki að halda sér í kjörþyngd þó eitt páskaegg sleppi niður í maga.

Súkkulaði

Súkkulaði er mjög fituríkt en snauft af próteinum og kolvetnum. Eitt gramm af fitu inniheldur 9 hitaæiningar en eitt gramm af kolvetnum inniheldur 4 hitaæiningar. Það er engin furða að fituríkt fæði leiði til þyngdaraukningar. Og það versta er að þegar líkami þinn hefur einu sinni framleitt fitufrumu mun hún aldrei hverfa aftur, hún mun einungis skreppa saman ef hún er notuð sem orkugjafi. Mannslíkaminn getur einungis geymt takmarkað magn kolvetna og próteina, en aftur á móti eru engin slík takmörk fyrir því fitumagni sem hann getur geymt.

Hvað getum við gert?

Gott er að verða sér frekar úti

um orku með kolvetnum, eins og baunum, grænmeti, grjónum, korni og ávöxtum þó að hægt sé að fá sér eins og eitt páskaegg um páskana. Mikilvægt er að líkaminn fái öll þau vítamín og steinefni sem hann þarfnast og þau fær hann ekki frá Nóa Síriusi þó að eggin þeirra séu með afbrigðum bragðgöð.

Ekki alslæmt

Súkkulaði er þó ekki jafn skaðlegt heilsunni og sumir næringarfræðingar vilja vera láta og hafa vísindamenn jafnvel sett fram kenningar um að það sé hollt fyrir hjartað í litlum skömmtum. Svo er það auðvitað svo gott að það hlýtur að gefa manni tímabundna ánægju í það minnsta. En allt er auðvitað gott í hófi og þar er súkkulaðið engin undantekning.

Texti: Brynja Björk Garðarsdóttir H&N-mynd: Nordic Photos/Getty

HEILSA





Bonomi kaffihús

OG GLÆSILEG VERSLUN

Bonomi kaffihúsin eru staðsett um víða veröld og eru þekkt fyrir að vera alvöru kaffihús sem bjóða aðeins upp á gæðakaffi fyrir þá kröfuhörðustu.

KAFFIBÚÐIN umboðsaðili Bonomi og Quick Mill kaffivéla hefur nú opnað glæsilega verslun og kaffihús í Hamraborg 1-3, Kópavogi. Við bjóðum að sjálfsgöðu upp á eðal kaffi frá Bonomi sem gefur unaðslegan eftirkeim, einnig baunir sem hægt er að fá malaðar á staðnum.



PROFESSIONAL

Hágæða ítalskar kaffivélar frá Quick Mill fyrir heimili, fyrirtæki og stofnanir.

Alvöru espresso með þykkri kaffifroðu eða mildara, alveg eins og þú vilt, nákvæmlega eins og á bestu kaffihúsum.



Glæsileg ítölsk gjafavara; kaffibollar, tebollar, morgunverðarsett og ótal margt annað falllegt.



PROFESSIONAL



ALVÖRU FÓLK

**Kathrin Maria Schmucker
kom til Íslands fyrir
þremur árum**

**Kathrin Maria
Schmucker**
Kennir tangó í
Þjóðleikhús-
kjallaranum.

TANGÓKENNARI OG SMÍÐUR

Ég er búin að búa á Íslandi í þrjú ár núna," segir Kathrin Marian Schmucker tangó-kennari og smíður. Kathrin hefur búið bæði í Þýskalandi og Svíþjóð en heillaðist af Íslandi þegar hún sá myndir af landinu og horfði á þættina um Nonna og Manna sem sýndir voru í þýsku sjónvarpi. „Ég sá þessa þætti og las síðan bækurnar," segir Kathrin en hún er að læra íslensku í Háskóla Íslands og hefur nú búið hér á landi í þrjú ár.

„Ég hef dansað tangó í sjö ár en í rauninni hef ég verið í snertingu við dansinn í fimmtán eða fjórtán ár í Þýskalandi og Svíþjóð og ég lærði mikið hjá argentínskum kennurum sem komu þangað, þá var ég komin með tangóvírusinn í mig," segir Kathrin sem talar

mjög góða íslensku en hún er einnig að læra listfræði í háskólanum.

„Ef maður fær alvöruáhuga á tangó mun þetta koma aftur og aftur upp í lífi manns," segir Kathrin sem er með námskeið fyrir byrjendur í Þjóðleikhúskjallaranum. „Þetta er aðallega hugsað fyrir stúdenta og er ég í samstarfi við Tangófélagið."

„Tangó er í raun samtál án orða og þetta er góð leið til þess að kynna fólk á þess að tala. Hver dans fyrir sig er alltaf einstakur því maður er ekki að læra einstök spor heldur að spinna," segir Kathrin en þann 29. apríl kemur þar frá Argentínu sem ætlar að sýna fólk hvernig á að dansa alvörutangó.

„Tangó er í raun samtál án orða"

Einstakur dans

„Hver dans fyrir sig er alltaf einstakur því maður er ekki að læra einstök spor heldur að spinna."

Tangófélagið „Þetta er aðallega hugsað fyrir stúdenta og er ég í samstarfi við Tangófélagið."

„HANN ELSKAR MIG SVO MIKI“



Eiga tvær kisur
Ásdís með loðnari
kisuna, Hanzel.

Ásdís Rán Gunnarsdóttir hjá Model.is og Garðar Gunnlaugsson knattspyrnukappi kynntust fyrir rúmum þremur árum og hefur varla slitnað slefan á milli þeirra síðan, slík er ástin. Þau eiga saman soninn Hektor Bergmann og Ásdís átti fyrir soninn Róbert. Fjölskyldan býr sundur og saman en það ríkir mikil hamingja hjá litlu fjölskyldunni.

„Ég sá alveg ógeðslega sætan strák sem var að vinna í Retro í Krínglunni, ég var búin að sjá hann þarna ásýndar áður. Ég ákvað að misnota aðstöðu mína og strunsa inn í búðina og veiða hann sem módel,“ segir Ásdís Rán og hlær. Hún segist strax hafa orðið sjóðheit fyrir folanum unga og hann hafi tekið vel í að vera módel hjá henni. „Ég vissi ekkert hver hann var þá, hann

var bara nítján ára, lítill kettlingur, en alveg ofboðslega fallegur. Svo komst ég að því síðar að hann var fótboltastrákur og bróðir Arnars og Bjarka.“

Ungur fylgdarsveinn

Ég gat varla hætt að hugsa um hann eftir þetta svo ég hringdi í hann og bað hann um að koma upp á módelskrifstofu til mín í smá viðtal. Hann kom svo upp á skrifstofuna og þar kviknaði strax neisti. Ég pældi voða mikið í hvað ég ætti að gera til hala honum inn og ákvað að lokum að bjóða honum með mér á áramótaball sem ég sá um fyrir OZ. Á ballinu urðum við svo endanlega ástfangin og slefan hefur eiginlega ekki slitnað á milli okkar síðan.“

Ásdís segir að þau hafi bæði

verið skotin hvort í öðru áður en þau hittust en hann þó ívið lengur. „Hann var búinn að láta sig dreyma um mig út af myndum úr blöðum síðan hann var lítill strákur,“ segir Ásdís glettin, en hún er fjórum árum eldri en hann.

Bjó til yndislegan mann

Ásdís segist hafa reynt að fara hægt í sakinnar fyrst um sinn. „Ég tók hann nú ekki með heim það kvöld. Ég leyfði honum að þjást í smá tíma. Hann var nú bara nítján og ég hafði aldrei verið með svona ungum áður.“

Það leið þó ekki á löngu þar til fór að hitna í kolunum og innan skamms voru þau orðin eitt heitasta par landsins. „Ég bara tók hann í minar hendur. Það var ekkert annað að gera í stöðunni, og bjó til þennan yndislega karl-

mann sem ég á í dag. Hann elskar mig svo mikið að hann er að springa eins og hann segir alltaf,“ segir Ásdís en bætir við að ástin sé endurgoldin og gott betur.

Trúlofun og pása

Garðar hefur beðið Ásdísar tvisvar og í bæði skiptin hefur hún sagt já. „Við trúlofuðum okkur svo á afmælisdaginn minn 12. ágúst eftir að hafa verið saman í sjö mánuði. Svo tók bara við ást og meiri ást. Við tókum reyndar smá pásu í tvo mánuði til að átta okkur aðeins. En við vorum ekki lengi að sjá að við gætum ekki hvort án annars verið og vildum deila ævinni saman.“

Bað hennar með SMS

Garðar tók ansi frumlegan vinkil á bóronorðið í seinna skiptið. „Hann

VIÐ AÐ HANN ER AÐ SPRINGA"



Stinga saman
nefjum Ásdís Rán
og Garðar funheit
á Herra Íslandi.



Skagamaður í
skoska Garðar
er nú í láni hjá
Dunferlane í
Skotlandi.



Drengirnir Hér heldur Róbert á Hektori.
sendi mér SMS með ljóði sem hann
var búinn að vera að vinna að lengi.
Rosalega fallegt ljóð. Ég fékk bara
tár í augun, mér fannst þetta svo fal-

legt og svaraði: Já.“

Ásdís og Garðar ætla að gifta sig í Dómkirkjunni í sumar og verður það eflaust glæsilegt brúðkaup. „Hann er svo hlýr og metró. Hann hringdi í mig frá Skotlandi í síðustu viku bara til þess að segja mér hvað hann hlakkaði til að sjá mig upp að altarinu. Hann er einn þarna í fótbolta bara og þegar ég er hérna heima og þarf að vinna söknum við hvort annars rosalega.“

Hús og jeppi í Skotlandi

Fjölskyldan býr sundur og saman vegna þess að hjónaleysin vinna hvort sínum megin við hafið. „Við búum fjögur saman, en það er flakk á okkur. En við erum með fínt hús og jeppa til afnota í Edinborg þar sem Garðar spilar þannig að það væsir ekki

um okkur þar úti.“

Ásdís segir ástina aukast hjá þeim með hverjum deginum sem líður. „Ég fer bráðum út til hans í einhvern tíma. En ég þarf að vera hérna heima með annan fótinn út af vinnunni. Það getur verið að Garðar spili hérna heima í sumar en það er óráðið enn. Hann er í láni hjá Dunfermline og það er ekki komið á hreint með framhaldið. En það er æðislegt í Skotlandi og æðislegt á Íslandi. Vonandi getum við bara verið eins mikið saman og hægt er með hækkanði sól,“ segir Ásdís að lokum með ástarglampa í augunum.

Ástarsagan

Rúta endaði ofan í Leirvogsa á Kjalarnesi aðfaranótt mánu-
dagsins 15. september 1969. Kílómetri neðar í ánni fannst lík.

VAR BÍLASPRAUTARINN MYRTUR?



**Vettvangur
glæps?** Þar
sem rútan fór
fram af brúnni.

*„Líkið lá á grúfu ofan á steini
og var bert bakið upp úr og
skyrtnan dregin yfir höfuðið.“*

Aðfaranótt mánu-
dagsins 15. september árið 1969
steyptist rúta út í Leir-
vogsa. Rútunni hafði verið stolið
frá Bifreiðastöð Ingimars í
Reykjavík. Neðar í ánni fannst lík
Arnars Hjörtþórssonar, 21 árs
bílasprautara. Við krufningu kom
í ljós að Arnar hafði druknað en
áverkar á höfði hans væru líklega
ástæðan fyrir dauða hans. Svona
greindi Vísir frá atburðinum:

„Það var ill aðkoma við brúna
á Leirvogsa í Mosfellssveit um
sjöleytið í morgun. Úti í Árflaum-
um lá áætlunarbifreið, gjörónýt,
og 20–30 metrum neðar í ánni
fannst lík manns sem greinilega
hafði látizt í slysinu er bifreiðinni
var ekið fram af veginum. Þarna
er margra metra hátt fall, og hef-
ur bifreiðarstjórinn greinilega
misst stjórni á bilnum...“

Eða ekki?

Fljótlega kom þó í ljós að
málið var ekki alveg klippt og
skorið. Jafnaldri Arnars sem
hafði sagst hafa verið með hon-

um kvöldið fyrir hið ætlaða slys
og kvatt hann fyrir miðnætti
breytti framburði sínum fyrir lög-
reglu og viðurkenndi að hafa
verið með Arnari í rútnni. Hann
kvaðst hafa hitt hann klukkan
hálf níu um kvöldið og þeir setið
saman að sumbli á verkstæðinu
fram á nótt. Eftir það hafi þeir yf-
irgefið verkstæðið, tekið sér rútnu
til handargagns að frum-
kvæði Arnars sem hafi síðan
steypt henni í ána. Kvaðst félag-
inn hafa skriðið út úr rútnni eftir
slysið, litast um eftir Arnari, en
ekkert hafi bólað á honum og því
haldið heim á leið og farið í hátt-
inn.

Morð og sviðsetning?

Vinurinn fékk fjögurra mán-
aða dóm fyrir aðild að bílstuldi
og að hafa hlaupist á brott af
slysstað án þess að skeyta um
afdrif félaga síns eða tilkynna at-
burðinn. Samkvæmt þessum
málalokum var hinn látni í raun
sekur um bílstuld, akstur undir
áhrifum áfengis og það að stofna

lífi félaga síns í hættu.

Þessum málalokum vildi faðir
Arnars ekki una. Hann hafði
fylgst með rannsókn málsins og
unnið sjálfstætt rannsóknarstarf
til að reyna að komast að sann-
leikanum. Hann var ekki aðeins
sannfærður um að Arnar hefði
ekki stolið rútnni heldur hélt
hann því fram að hann hefði ver-
ið látninn áður en bifreiðin fór í
ána. Hann var sannfærður um að
alvarlegur glæpur hefði verið
framinn, að Arnar hefði verið
myrtur og slysið sviðsett.

Réttlætið

Faðir Arnars taldi upp í
greinargerð fjörutíu atriði sem
væru athugasemdir og hefði þurft
að kanna betur við rannsókn
málsins. Hann reyndi í mörg ár að
ýta við mönnum og reyna að fá
réttlætinu fullnægt. Það var ekki
fyrr en hann fékk Halldór Hall-
dórsson, blaðamann á Vísi, í lið
með sér að skriður komst á mál-
ið. Hér verða nokkur athyglisverð
atriði úr greinargerð hans rakin:

Aðkoman að líkinu

Lík Arnars fannst heilan kíló-
metra frá slysstaðnum og vildu
sumir meina að líkið gæti ekki
mögulega hafa rekið svo langt
því áin væri mjög grunn. Léttu
muni úr rútnni eins og plastpoka
með svefnpoka í og farþegasæti
rak þó aðeins 200 metra.

Líkið fannst skólaust og þrátt
fyrir vandlega leit fundust engir
skór í ánni. Hins vegar dúkkuðu
skórnir sem hinn látni hafði verið
í hið örlagaríka kvöld upp í kjall-
ara skemmtistaðar í Reykjavík
mánuðum síðar.

Aðkoman að líkinu var væg-
ast sagt sérstök. Það lá á grúfu
ofan á steini og var bert bakið
upp úr og skyrtnan dregin yfir höf-
uðið. Talsvert var af storknuðu
blóði á skyrtnni en engin merki
höfðu sést um að blóð hefði
runnið í rútnni.

Annar rútuþjófur

Í fyrstu frétt
Morgunblaðs-
ins af málinu

Brenni í kók Sam-
kvæmt framburði hins
dæmda var tvisvar
farið eftir blandi á
innan við hálf tíma.



sagði að sést hefði til manns gera tilraun til að stela langferðabíl og að sjónarvottar hefðu gefið lýsingu á manningum en sú lýsing átti alls ekki við hinn látna. Vitni að óaðfinnanlegum akstri rútunnar við mót Laugavegar og Nóatúns klukkan þrjú hina ör-lagaríku nótt sagðist aðeins hafa séð einn mann í bílnum, öku-manninn, og það hefði ekki verið Arnar. Auk þessa fundust fingraför Arnars ekki á stýri rútunnar við rannsóknina.

Slys nær óhugsandi

Í gögnunum sem lágu fyrir dóm-inum var að finna vottorð frá at-vinnubílstjóra sem kom á vettvang á svipuðum tíma

Áfengi um hönd
Hinn dæmði sagði Arnar hafa verið ölv-aðan og ekið rútunni fram af brúnni.

og lögregla. Bílstjórinn hafði veitt því eftirtekt að bílstjóraseti rútunnar var í svokölluðum aftasta „palli“, það er stillingunni sem gerir bílstjóranum kleift að stíga úr sætinu en jafnframt ókleift að aka bifreiðinni. Auk þess sagði téður bílstjóri, sem sjálfur hafði ekið bifreiðinni, að ótrúlegt væri að ökumaður hefði kastast út um rúðuna þegar sætið væri í öku-stöðu. Hið augljósa er að sjálf-sögðu að látinn maður færir ekki sæti aftur og væri hér greinilega maður eða fleiri í mysunni.

Dularfulli atvinnurekandinn

Fjögur vitni voru að því að vinnuveitandi Arnars hefði til-kynt samstarfsmönnum hans um lát hans á tímabilinu níu til ellefu um morguninn. Lögregl-unni var ekki kunnugt um nafn þegar veski hans fannst í ánni. Sjálfum var föðurnum ekki til-kynt um lát sonarins fyrr en klukkan eitt.

Starfsmaður verkstæðisins bar vitni um að honum hefði þótt athugavert hversu vinnu-veitandanum var brugðið þegar lögreglan tilkynnti honum um látið þar sem hann hafði fyrr um morguninn skýrt starfsmönnum sínum frá því.

Það þriðja sem þótti tor-kennilegt við vinnuveitandan var að þegar foreldrar Arnars komu á verkstæðið að leita að honum klukkan eitt eftir hádegi kvaðst hann ekki vita neitt um ferðir hans, en sagði þeim að hann myndi skila sér.

Misræmið í þessum frásögn-um gat vinnuveitandinn ekki skýrt og var látið þar við sitja.

Allt of mikið bland

Dæmði félaginn sagðist hafa verið með Arnari frá klukkan 20.30 um kvöldið og þar til rút-an steyptist í ána. Þetta stang-ast á við framburð þriggja vitna sem höfðu séð eða haft tal af hinum látna um kvöldið. Tvö vitnanna höfðu heimsótt Arnar á

verkstæðið um ellefuleytið til að athuga hvernig gengi með verk sem hann var að vinna fyrir þau. Þau sögðu engin merki um áfengisneyslu hafa verið að sjá, hvorki á Arnari né á verkstæði-inu. Vitnin spjölluðu við Arnar í fimmtán mínútur.

Fjarveru sína skýrði dæmði félaginn með því að hann hefði skotist út í sjoppu eftir blandi. Í lögregluskýrslu kemur þó fram að hann hafi sagt að þeir félag-ar hefðu farið saman skömmu áður og keypt sér bland. Sjopp-unni var lokað hálf tólf og hefur blandið því þurft að fara ána ört ofan í þá ef sú var raunin.

Ekkert sem orð er á gerandi

Þrátt fyrir allar þessar upp-lýsingar og misvisanir þótti ekki ástæða til að taka málið upp að nýju þegar greinargerðin og túlkun Halldórs á henni birtist nokkrum árum síðar og sagt var að greinargerðin innhéldi „ekk-ert sem orð er á gerandi“.



Segir

Göngutúr Fara í göngutúr með hollt nesti.



SEGÐU ÞAÐ FREKAR S

Segðu það heldur steininum en engum,“ stóð á skilti við Ægisíðuna til skamms tíma. Þetta var hluti af frábæru listaverki eftir myndlistarkonu sem ég vildi gjarnan fá að kynna. Skiltið minnti mann á nauðsyn þess að ræða málin og orða hugsanir sínar. Ef maður bælir allt inni breytist erfið hugsun í köggul og dregur mann niður. Hjá sumum sest bælda hugsunin sem kvíðahnútur í maga, aðrir fá mikla vöðvabólgu, hugsanirnar spretta upp á nóttunni og halda fyrir manni vöku eða setja neikvæða sliktu á sjónina. Ég þekki þetta allt sjálf. En ég þekki það líka hvað það breytir miklu

að ræða hlutina við góðan vin, orða hlutina upphátt, tala reglulega við sálfræðing eða að minnsta kosti skrifa hugsanirnar niður í dagbók. Það er eins og það leysi mann undan þungu fargi að segja erfiðar hugsanir „steininum heldur en engum“.

Að fara sínar eigin leiðir

„Sjálfur leið þú sjálfan þig“ stóð á öðru skilti eftir sömu listakonu. Sú ágæta setning minnir mann á gildi þess að fara sínar eigin leiðir, vera skapandi en ekki bara fljóta með straumnum og láta mata sig. Og það er einmitt kjarninn í því að lifa innihaldsríku lífi, að finna hvað það er sem

kveikir neistann hjá manni, vekur mann og gerir mann áhugasama og lifandi manneskju en ekki bara leiðitaman neytanda sem þarf stöðugt að láta skemmta sér og hafa ofan af fyrir sér með afþreyingu.

Hamingja felst ekki í að fá allt

Ég las fyrir margt löngu í bók eftir Vilhjálm Árnason siðfræðing að hamingjan felst ekki í því að fá allt sem hugurinn girnist – heldur fækka því sem mann langar í. Þessa setningu hef ég tekið mjög alvarlega í mörg ár og nýtt mér hana á þann hátt að þakka markvisst fyrir það sem

ég hef, frekar en að skrifa endalausa lista yfir það sem mig vantar. Því hvenær tæmist sá listi? Það bætist alltaf á óskalistann. Tæki og tól ganga úr sér hraðar en maður hugsar og það er alltaf verið að framleiða nýja kynslóð af öllu. Og efnahagskerfið gengur út á að minna okkur á allt sem okkur skortir og allt sem við þurfum að kaupa, gera, fara... Mér hefur reynst ágætlega að staldra við og þakka fyrir það sem ég hef, fækka því sem mig langar í með því að fylla frekar tímann með gefandi hlutum eins og að lesa, ganga, ræða málin: Njóta frekar en bara að neyta.



Nudd „Ég mæli líka með dekursjóði – en það er smá varasjóður sem maður á bara fyrir sig til að komast í nudd, til ráðgjafa eða í snyrtingu af og til.“



Dagbók „En ég þekki það líka hvað það breytir miklu að ræða hlutina við góðan vin, orða hlutina upphátt, tala reglulega við sálfræðing eða að minnsta kosti skrifa hugsanirnar niður í dagbók.“

HVAÐA DEKURHUGMYNDUM LUMAR ÞÚ Á?

Hér eru nokkur lítil dekuratriði sem eru ódýr en reynast mörgum vel:

- Fara í þægileg heimafoot þegar maður kemur þreyttur úr vinnu.
- Útbúa fallegan disk með hollum mat eða góðu snakki og leggja fallega á borð (líka þegar maður er einn).
- Drekka vatn og annað sem gerir okkur gott
- Fara í göngutúr með hollt nesti.
- Drekka bara gott kaffi og njóta þess úr fallegum bolla en ekki hella í sig einhverju sulli án þess að taka eftir því.
- Segja fallega hluti um aðra en dvelja ekki við tuð og róg.
- Fara í sund og gefa sér tíma í nuddpottunum, gufunni og bera á sig krem.
- Hlusta á fallega tónlist en ekki hafa í gangi einhverja síbylju sem ekkert gefur manni.
- Hafa afskorin blóm eða blóm úr náttúrunni bæði heima og í vinnunni.



TEININUM EN ENGUM

Sjálfs hjálparbæk

Bækur eins og „Fegraðu líf þitt“ sem Salka gaf út og er eftir metsöluhöfundinn Victoriu Moran (sem eitt sinn kom hingað í heimsókn og var gestur minn í sjónvarspætti, sællar minningar) og „Einfaldaðu líf þitt“ sem PP útgáfan gaf út fyrir nokkrum árum eru tilvalið lestrarefni þegar maður er í þeim pælingunum að staldra við, einfalda hlutina og njóta í stað þess að rjúka af stað og flækja málin.

Í hringekju dagsins þarf maður virkilega að minna sig á að lifa fallega og hafa hlutina einfalda.

...það heldur steininum en engum

Mikilvægt er að hreinsa til hjá sér í sálinni og lífsstílnum og leysa eða henda út því sem veldur manni flækjum. Ég veiti mér það að fara til sálfræðings í hverjum mánuði. Þrátt fyrir að eiga marga góða vini og lífa ágætu lífi. Það er bara svo margt til í setningunni: „Segðu það heldur steininum en engum“. Það er óþarfi að burðast með krísur og áhyggjur þegar hægt er að komast að kjarna málsins með því að ræða við gott fólk. Sumt finnst mér reyndar gott að ræða bara við Guð en það þarf þá líka að gera það – orða hlutina en ýta

þeim ekki frá sér og fresta því að hefur breyst í óútskýrða streitu, kvíðahnút eða vöðvabólgu.

Sjálfur leið þú sjálfan þig

Ög það er hægt að vera gerandi á öllum sviðum en ekki áhorfandi sem lætur mata sig án þess að velja bitana sem að manni er rétt. Það er mikill munur á því að horfa bara á eitthvað í sjónvarpinu af því að maður nennir ekki að standa upp eða að velja það sem maður ætlar að sjá. Maður er orðinn gerandi og skapandi í sínu lífi ef maður velur og hafnar. „Sjálfur leið þú sjálfan þig“ sagði vinkona mín og dró

upp dekurkörfuna sína sem hún notar þegar hún vill hafa það notalegt fyrir framan sjónvarpið. Í körfunni eru olíur, naglalökk og annað skvísudót sem hún notar til að gera sig fína á meðan hún horfir á upphaldspættina sína. Hún framkvæmir og skapar í stóru og smáu.

Ég mæli líka með dekursjóði – en það er smá varasjóður sem maður á bara fyrir sig til að komast í nudd, til ráðgjafa eða í snyrtingu af og til. Því ef maður segir ekki hvers maður óskar sér eða er ekki góður við sjálfan sig af og til er ekki víst að öðrum detti allt í einu í hug að dekra við mann.

Bjarki Steinn er sterkur strákur þrátt fyrir fötlun sína:

KRAFTAKARL SEM BERST EINS OG HET JA



Á Skansvæðinu
Fjölskyldan í
gönguferð á
Skansvæðinu.

Sigrún Jóna Sigmarsdóttir, systir Jóns Páls Sigmarssonar heitins, er móðir tíu ára drengs, Bjarka Steins. Þau mæðginin búa í Vestmannaeyjum og lifa þar hamingjusömu lífi þrátt fyrir fötlun Bjarka Steins en hann varð fyrir alvarlegu bráðatilviki í fæðingu sem kallast axlarklemma.

„Þann 3. október 1996 fæddi ég son minn Bjarka Stein og fæðingin gekk mjög brösulega því hann var svo stór greyið, tæpar 19 merkur og 58 sentimetrar,“ rifjar Sigrún upp en Bjarki Steinn fæddist í svokallaðri axlarklemmu.

Þegar axlarklemma verður stendur höfuð barnsins fast í fæðingunni og öxlin skorðast undir líf-beini móðurinnar. Þá er lítil tími til aðgerða þar sem barnið þarf að fá súrefni. Bregðast þá lækna og ljósmæður yfirleitt við með viðurkennndri aðferð sem felst í því að gera stóran spangarskurð. Síðan er reynt að opna grind móðurinnar eins mikið og hægt er með því að láta hana draga fætur upp að höku. Þetta getur þó orðið dyrkeypt eins og í tilfelli Sigrúnar Jónu.

„Ljósmóðirin paníkkar vanalega og reynir að toga og toga en þá klemmast taugarnar og á endanum slitna sem veldur því að handleggurinn fæðist lamaður. Í 90 % tilfella gengur skaðinn til baka en ekki í mínu tilfelli,“ segir Sigrún Jóna greinilega mjög ósátt.

„Hún klippti mig sundur og saman og þá skaut hann út en á meðan

ljósmóðirin fór að sinna barninu blæddi mér nánast út. Þegar hún kom svo loks til þess að sauma mig, þá saumaði hún mig ódeyfða og sagði mér að hætta þessu kerlingarvæli,“ segir Sigrún Jóna en hún er enn að jafna sig eftir áfallið.

„Svo veiktist ég rosalega mikið í kjölfarið, fékk blóðeitrun og lá milli heims og helju í 3 vikur. Þetta var auðvitað gríðarlegt sjokk, ég fékk enga áfallahjálp og ég grét mig í svefn í marga mánuði.“

Sterkur eins og Jón Páll

„Vinstri handleggur Bjarka Steins lamaðist. Það var örflítt máttur í fingrum hans, annars gat hann ekkert hreyft handlegginn,“ segir Sigrún og bætir við að Bjarki sé ákaflega duglegur strákur.

„Hann er búinn að fara í tvær aðgerðir á þessu ári, aðra í London og hina á Íslandi og var í gífsi frá nára upp að hálsi og með höndina upp í loftið í átta vikur, aðeins átta mánaða gamall,“ rifjar Sigrún upp.

„Hann var samt ofsalega stekur, farinn að sitja og lyfti alveg húsgögnum eins og frændi hans Jón Páll Sigmarsson, bróðir minn. Hann er rosalega líkur honum,“ segir Sigrún stolt af litlu hetjunni sinni. Thomas Karlstedd taugalæknir kemur af og til til Íslands og gerir aðgerðir á börnum en það er erfitt að komast að og sjaldan sem læknirinn kemur til landsins að sögn Sigrúnar.

Það um að fara í keisara en var synjað

„Ég bað um að fá að fara í keisara en mér var synjað,“ segir Sigrún en slíkt hefði mögulega getað komið í veg fyrir axlarklemmuna.

„Mitt mál er nú hjá dómstólum og ég er að fara í mál við ríkið,“ segir Sigrún en hún fær engar bætur fyrir atvikið sem þykir á gráu svæði að mati Tryggingastofnunar.

Bjarki Steinn er 40% öryrki eftir bráðatilvikið og er einnig málhamlaður „Hann er með lamaðan handlegg þannig að hann á bág með að renna upp rennilás, reima skóna og getur ekki lyft hendinni en hann er ótrúlega duglegur og nær að þjálfa bakvöðvana með því að klifra í köðlum,“ segir Sigrún Jóna sem reynir að líta á jákvæðu hliðarnar.

„Það gæti svo margt verið miklu verra.“

Sigrún stofnaði samtök ásamt annarri móður barns með axlarklemmu sem berst nú fyrir umönnunarbótum vegna barna með axlarklemmu.

„Það eru um það bil 30 börn sem við vitum af með axlarklemmu á Íslandi,“ segir Sigrún en á heimasíðu samtakanna, axlarklemma.is, er mikill fróðleikur um eftirköst bráðatilviksins ásamt spjalckerfi þar sem foreldrar geta sótt stuðning.



Bestu vinir
Svanur og Bjarki
Steinn eru mjög
góðir vinir.



Axlarklemma Bjarki
Steinn getur ekki lyft vinstri
hendinni hærra en þetta.

Baráttu- mæðgin!



Fjölskyldan Sig-
urður Guðmunds-
son, Sigrún Jóna
Sigmarsdóttir og
Bjarki Steinn.

*„Hún klippti mig sundur
og saman og þá skaust
hann út en meðan ljós-
móðirin fór að sinna
barninu blæddi mér nán-
ast út. Þegar hún kom
svo loks til þess að
sauma mig, þá saumaði
hún mig ódeyfða og sagði
mér að hætta þessu
kerlingarvæli.“*



LITLAR
HETJUR

Hetja Bjarki Steinn er mikil
hetja þrátt fyrir fötlun sína.

Brynjar Óli Ágústsson fæddist með sjaldgæfan hjartagalla:

ÞARF AÐ FARA Í AÐGERÐIR ALLT SITT LÍF



Systkinin Brynjar Óli og systir hans Eva Bryndís.



Mamma með englana sína
Hér er Berglind með Brynjar Óla og Evu Bryndísi.



Sterk fjölskylda Brynjar Óli á góða og samrýmda fjölskyldu.

Brynjar Óli Ágústsson verður fimm ára í sumar. Hann er sólargeislinn í lífi foreldra sinna enda lítið kraftaverk. Hann hefur þurft að berjast við sjúkdóm sem fæstir kannast við þar sem hann greinist á 50 ára fresti. Hann þarf á aðgerðum að halda út allt sitt líf til þess að líffæri hans geti starfað eðlilega.

Fór í hjartaþræðingu tveggja daga gamall

„Brynjar Óli fæddist árið 2001. Það uppgötvadist um leið og hann kom í heiminn að hann er með alvarlegan hjartagalla og sjaldgæfan hjartasjúkdóm,“ segir Berglind Sigurðardóttir móðir Brynjar Óla. Hún fór í sónar eins og eðlilegt er en fjölskyldan var búsett í Noregi á meðgöngutímanum.

„Þetta sást ekki í sónar og lækningarnar sagði alltaf að allt væri í fina. Þetta á samt að sjást í ómskoðun,“ bætir hún

við. Veikindi Brynjar reyndis alvarleg eins og áður segir.

„Þegar hann fæddist vann hjartað svo rosalega ört. Hann andaði rosalega hratt og hann varð að fara í bráðaaðgerð þar sem líffærin í honum stækkuðu of hratt. Hann fór í hjartaþræðingu tveggja daga gamall til að athuga málið og svo í sína fyrstu aðgerð tíu daga,“ rifjar Berglind upp. Fjölskyldan bjó í Kristiansand í Noregi en hafði ekið til Óslóar til þess að útrétta daginn sem Berglind fékk hríðir.

„Sem betur fer, því þegar ég fékk hríðir vorum við stödd á réttum stað. Hjartagallabörn eru yfirleitt flutt á ákveðinn spítala í Ósló.“

Allt fyrsta árið á spítala

„Svona aðgerðir eins og Brynjar fór í tíu daga gamall eru gerðar til þess að minnka blóðflæðið til lungnanna,“ segir Berglind en Brynjar þarf reglu-

lega að fara í slíkar aðgerðir.

„Við vorum eiginlega bara á Landspítalanum fyrsta ár ævi hans milli þess sem við fórum á sjúkrahús í Boston með hann í aðgerðir,“ segir Berglind. Þau hjónin hafa átta sinnum farið utan með Brynjar Óla í aðgerðir. „Við höfum farið sjö sinnum til Boston og einu sinni til San Fransisco.“

Lífið brosir þó við Brynjari Óla í dag þrátt fyrir veikindin og hann er kraftmikill fimm ára strákur. „Það gengur rosalega vel í dag og þegar við fórum til San Fransisco í fyrra leit allt svo vel út að aðgerðin var mun minni í umfangi en búist var við. Hann þarf samt allt sitt líf að fara í aðgerðir til þess að minnka blóðflæðið reglulega,“ segir Berglind.

Með fyrirtæki til að dreifa huganum

„Það hefur verið erfitt að flytja hingað fyrir yngri börnin,

nýr skóli og nýir vinir. En það er gott að eiga góða fjölskyldu þegar svona bjátar á,“ segir Berglind og er bjartsýn á framtíðina. „Maður er bara ánægðari með lífið núna en áður en þetta kom upp á.“

Þar sem Brynjar eyddi nánast öllu sínu fyrsta ári á Landspítalanum kynntist fjölskyldan starfsfólkinu nokkuð náið.

„Gunnlaugur hjartalæknir á Landspítalanum og Bára hjúkka hafa hjálpað okkur allveg ótrúlega mikið og starfsfólkið á spítalanum á mikið hrós skilið,“ segir Berglind og bætir við að þau haldi sambandi við starfsfólkið af og til.

„Ég hef stofnað fyrirtæki til þess að beina huganum að öðru og við hjónin flytjum inn þýskar hreinlætisvörur. Það gengur bara virkilega vel,“ segir Berglind að lokum. Heimasíðu fyrirtækis þeirra hjóna er að finna á slóðinni hlind.is.

**Kröftugur
strákur!**

Brynjar Óli
*Var á spítala
nær allt sitt
fyrsta æviár.*



Brynjar Óli Ágústsson
Kraftmikill strákur.

**LITLAR
HETJUR**

Kristrós Eir Leósdóttir er lítil baráttuþjarkur:

ALGERT KRAFTAVERK



Kristrós Eir Leósdóttir
Kraftaverka-
stelpa.



Í hitakassa Kristrós Eir í hitakassa skömmu eftir fæðingu.

Sveiney Bjarnadóttir og Leó Jarl Arnarsson eignuðust sitt fyrsta barn 21. ágúst árið 2001 eftir þriggja sólarhringa hríðir og aðeins 24 vikna meðgöngu. Stúlkan sem var á svo mikilli hraðferð heitir Kristrós Eir Leósdóttir og er sannkallaður baráttuþjarkur.

Þrjár merkur

„Hún fæddist eftir aðeins 24 vikur, sem er fimm og hálfur mánuður, um það bil,“ segir Sveiney en dóttir hennar Kristrós var á þyngd við smjörlíkisstykki þegar hún kom í heiminn. Sveineyju og manni hennar Leó var að vonum brugðið við upphaf hríðanna.

„Ég fékk eitthvert lyf í æð til þess að reyna að stöðva hríðirnar en það var ekki nóg. Svo fékk ég náttúrulega sterasprautu í rassinn til að stækka lungu barnsins þegar ljóst var að fæðingin var að fara af stað,“ rifjar Sveiney upp.

„Þetta gerðist allt svo hryllilega snögg að hún fæddist bara

þarna eftir þriggja sólarhringa hríðir, var 770 grömm, eða tæpar þrjár merkur,“ segir Sveiney og bætir við að líffæri Kristrósar hafi engan veginn verið tilbúin undir átökin sem á eftir komu.

„Börn sem fæðast svona löngu fyrir tímann eru bara sett beint í öndunarvél því litlu lungun þeirra eru ekki tilbúin. Þau fá einhverjar hormónasprautur til þess að stækka lungun,“ segir Sveiney en hún segist hafa verið í miklu áfalli þegar ljóst var að fæðingin væri í raun farin af stað.

Engin von

„Hjartslátturinn var bara á milljón og ég gat varla hreyft mig. Þetta gerðist allt svo hryllilega hratt,“ segir Sveiney um líðan sína eftir að Kristrós kom svo snemma í þennan heim.

„Okkur var sagt í byrjun að hún ætti næstum engar líkur á að lifa af. Talað var um kraftaverk ef hún lifði og mér var ekki gefin nein von,“ segir hún en bætir við að það sé líklega betra

því þegar börn fæðist svo löngu fyrir tímann séu lífslíkurnar afskaplega litlar.

„Hún var fjóra mánuði á vökudeild, stelpa, og fyrsti mánuðurinn var ofboðslega erfiður. Maður vissi ekkert. Það var hræðilega erfitt að fara einn heim og svo þegar hún kom loksins heim var maður síhræddur um að eitthvað kæmi fyrir,“ segir Sveiney en bætir við að margir eigi erfiðara með að takast á við áfallið þar sem þeir eigi önnur börn fyrir að huga að.

„Þetta var svakalega erfitt en við vorum heppin því Kristrós var fyrsta barnið okkar.“

Alger dekurrofa

„Þegar hún kom heim eftir 4 mánuði var hún bara 2 kíló, einhverjar átta eða níu merkur,“ segir Sveiney. Kristrósu heilsast vel í dag og verður fimm ára núna í sumar.

„Hún er dálítið nærsýn og við teljum að það geti verið sökum súrefnisskorts í fæðingu en ég er auðvitað nærsýn líka

þannig að það er kannski bara vitleysa.“

Kristrós er í miklu upphaldi hjá allri fjölskyldu Sveineyjar og Leós enda sannkallað kraftaverkabarn.

„Þetta er náttúrulega alger dekurrofa, þessi stelpa. Hún er svo mikið kraftaverk að maður gerir allt fyrir hana,“ segir Sveiney. Von er á fjölgun í litlu fjölskyldunni í Selásnum og er að vonum mikil tilhlökkun þar á bæ.

„Nú er eitt í bumbunni, ég er komin 22 vikur, það er að stytast í sama tíma og þegar ég átti Kristrósu. Það er sérstaklega vel fylgst með mér en þetta er allt annað en þegar ég gekk með Kristrósu. Þá var ég síveik en núna líður mér bara vel,“ segir Sveiney hamingjusöm með litla bumbubúann.

„Maður vonar að hún haldi lengur, þessi stelpa, en sú fyrsta. Kristrós getur varla beðið eftir að fá að sjá systur sína, var rosalega ánægð að fá að vita að það væri stelpa.“

Lífsglöð Lífö
brosir við
Kristrósu í dag.

**Baráttu-
hetja!**

*„Þetta gerðist allt svo
hryllilega snögg að
hún fæddist bara
þarna eftir þriggja
sólarhringa hríðir,
var 770 grömm eða
tæpar þrjár merkur.“*



Alger hetja
Kristrós Eir er
sannkölluð hetja.



Alger dekurrófa „Hún er
svo mikið kraftaverk að
maður gerir allt fyrir hana.“

**LITLAR
HETJUR**

Flottir
Gunnar Óla-
son og Sig-
urjón Brink.



Gunnar Ólason og Sigurjón Brink

SPILA ALLT FRÁ SILVÍU NÓTT TIL METALLICA

Við erum búnir að vera þarna á fimmtudagskvöldum í hartnær tvö ár og erum ekkert að slá af," segir Gunnar Ólason. Hann og salsakóngurinn úr Eurovision, Sigurjón Brink, halda uppi stuðinu á Hverfisbarnum einu sinni í viku. „Við erum virkir að halda standörðum sem virka en setjum líka inn ný lög og svo er svokallað óskalahorn sem varir nær allt kvöldið. Þar getur fólk bedið um óskalög og við reynum að skorast undan sem fæstu," segir Gunnar og bætir við að lögin séu fjölbreytt. „Þetta er allt frá Silvíu Nótt til Metallica.“

Sigurjón og Jóhannes Ásbjörnsson byrjuðu á Hverfisbarnum með svokölluð Bítla-kvöld fyrir nokkrum árum en svo þurfti Jóhannes að sinna Idolinu og öðrum störfum. „Þá hoppaði ég inn í þetta og hef verið þarna í tæp tvö ár.“

Gunnar segir mætinguna vera rosalega góða. „Það er fastakúnnahópur en svo eru alltaf einhver ný andlit. Við spönnum líka eins vitt svið og hægt er, erum í einkaveislum, afmælum og partíum og svo-leiðis," segir Gunnar nokkuð góður á því. „Við erum að sjálfsögðu alltaf tveir með kassann.“



Poppstjarnan
Gunnar Ólason,
poppstjarna
og sprelligosi.

Tvö ár Strákarnir hafa spilað á Hverfisbarnum í hartnær tvö ár.

Salsakóngurinn
Sigurjón Brink, salsakóngur og sprelligosi.



DIAMOND ANNIVERSARY
1944 - 2004

*Happy Birthday
Fender*



HLJÓÐFÆRAHÚSIÐ

Hljóðfærahusíð Laugavegi 176 105 Reykjavík www.hljodfaerahusid.is info@hljodfaerahusid.is Sími 591 5340

© 2004 Fender. All rights reserved. Photo by Norman Jean Roy

Á árunum 1969 til 1989 var Sædýrasafnið, fyrsti vísirinn

ÓARGADÝR Í HR



Það var einu sinni api ... í voða góðu skapi (apríl '83).



Stoppuðu stutt við
Tigrisdýr í safninu (okt. '71).



Furðufugl
Pelíkani sem
dvaldi í safni-
nu um tíma
(júní '75).




Öflugum megin á
hnettinum Þessar
kengúrur voru í safni-
nu um tíma (jan. '79).



Nágrannar smyrl-
anna Þvottabjörnun-
um líkaði vel návistin
við smyrlana (des. '75).



Konungur
dýranna
Ekki á
heimavelli.



Flestir sem muna eftir þátttöku Gleðibankans í Eurovision, og eru á annað borð enn á lífi, muna einnig eftir Sædýrasafninu sáluga sem var starfrækt í útjaðri Hafnarfjarðar á árunum 1969 til 1989. Í safninu var, eins og nafnið gefur til kynna, sædýrum safnað. Á meðal helstu sædýra sem safnið hafði til sýnis voru háhyrningar, selir, sæljón og náttúrlega fiskar.

Kengúrur og krókódilar

Það voru þó ekki einvörðungu sædýr sem safnað var í

Firðinum. Öðru nær. Á meðal þeirra dýra sem mættu á svæðið, í mislangan tíma þó, voru þvottabirnir, kengúrur, simpansar, ljón, páfugl, snákur, ísbirnir og mörgæsir.

Þessi dýr voru ekki öll jafnlengi í safninu enda ekki gerð fyrir íslenskar aðstæður. Um-sjónarmenn safnsins lögðu megináherslu á sædýrin enda var ekki kunnátta til staðar til að sjá um öll þessi framandi dýr þótt að sjálfsgöðu hafi allt verið reynt til að gera dvöl þeirra sem besta.

Seldu háhyrninga

Snemma eftir að safnið var opnað sá Jón Kr. Gunnarsson, forstjóri safnsins, að það var mikil eftirspurn eftir háhyrningum í Bandaríkjunum. Fór hann að veiða háhyrningskálfa og selja þá til útlanda og varð útflutningurinn flótlega aðalrekstrargrundvöllur safnsins því fyrir hvern hval fékkst dágóð upphæð, eða rúmlega einbýlis-húsaverð.

Jón var menntaður sjómaður og mikill athafnamaður þótt ekki hafi hann verið mikill bók-

haldsmaður. Hann sá að miklum hluta um rekstur safnsins sjálfur en hafði þó góða menn með sér sem sáu um fjármálin.

Safnið gekk mjög vel framan af á gullaldarárunum og þá var fullt af dýrum en engir háhyrningar en svo minnkaði áhuginn á dýrunum eftir að háhyrningabransinn byrjaði.

Dó drottni sínum

Á síðari árum safnsins fór það að dala og minna var um að skemmtileg og skritin dýr væru flutt inn enda lítið á því að

að íslenskum dýragarði, starfrækt í útjaðri Hafnarfjarðar

RAUN JAÐRINUM



Nei, hættu nú alveg!
Þessir félagar ættu
eiginlega að vera hvor í
sínu búrinu (júlí '82).



**Nágrennar í
Firðinum** Það var
stundum þröng á
þingi í Sædýra-
safninu (apríl '83).



Urrrrrrg! Ljón að
öskra (feb. '79).



Nýfæddur kisi Ljónsungu
fær sér að súpa í Hafnar-
firðinum (júlí '80).



...og líka krókóðill Það
voru meira að segja krókóðilar
í safninu um tíma (jan. '74).

Eldhress Það fór vel um ís-
birnina í gryfjunni (nóv. '82).

græða. Ástæðan fyrir því að safninu fór hrakandi var aðallega sú að safnmenn hættu að geta selt háhyrninga og því ekki mikið um fjármagn. Auk þess var ekki haldið nægilega vel utan um það litla fjármagn sem var til staðar og safninu var endanlega lokað árið 1989 og síðasta dýrið kvaddi.

Þetta selur
Það voru alltaf
selir í safninu
(jan. '82).



Texti: Ragnar Pétursson
H&N-myndir: Myndasafn DV



Einn, tveir og gakk! Fjórar
mörgæsir í stuði (júní '69).

**Framhald á
næstu opnu**





ÓARGADÝR Í HRAUNJABDRINUM

Hvað þá í? Gæti þessi kálfur verið að hugsa um fiðraða félagann (des. '75).



Hleypið mér út!
Ónuga ísbirminum slakað í nýtt búr (okt. '73).

Önugur ísbörn
Bangsa list ekkert á blikuna (okt. '73).



Mann-afi
Simpansi fær sér kaffisopa (feb. '79).



Mikið mannvirki Hvalalaugin stóð lengi eftir að safninu var lokað en nú er risin íbúðarbyggð þar (jan. '79).



Api klappar manni
Þessi vinalegi api varð þó stundum æstur. (jan. '82).



Kátur krummi Þessi er að kalla á nafna sinn (ágúst '82).

Einn frægasti sonur Íslands, Keikó, hét áður Siggí og bjó í Sædýrasafn-
inu. Hann hét þá í höfuðið á fangara sínum og vini, Sigurði Karlssyni.

DANSaðI VIÐ KEIKÓ



**Siggí háhyrn-
ingur!**

**Sigurður Karls-
son** Skipskokkur-
inn sem stökk ofan
í nótna og nældi í
háhyrningana.



**Ódýrara í þetta skipti-
ið** Siggí mætir á svæðið
á gömlum Benz.

Mitt hlutverk var að stinga mér út í nótna og sækja þá. Ég fór vel að þeim, setti þá í rólu og svo voru þeir hífðir um borð í bátinn," segir Sigurður Karlsson, tækni- og kennslustjóri hjá NTV, fyrrverandi skipskokkur og starfsmaður Sædýrasafnsins. Sigurður er maðurinn sem veiddi háhyrninginn Keikó, einn frægasta son Íslands, árið 1978.

Keikó, þá kallaður Siggí í höfuðið á Sigurði, dvaldi í Sædýrasafninu til ársins 1982 þegar hann var fluttur til Bandaríkjanna og gerður að kvikmyndastjörnu.

Vinsælir í Bandaríkjunum

Sigurður segir að hugmyndin að því að fanga háhyrninga til út-

flutnings hafi fæðst upp úr því að mikið var um að bandarískar stofnanir spurðust fyrir um þá. „Það var alltaf verið að biðja um þetta þannig að við fórum að gera tilraunir með þetta,“ segir Sigurður. „Þetta voru nokkur ár sem við vorum í þessu. Við gerðum þetta á haustin í kringum síldveiðarnar. Síldar- bátarnir þurftu að sleppa niður nótninni ef það var einhver smásíld. Þá voru háhyrningarnir búnir að safnast við nótna og við köstuðum annarri nót í kringum og náðum þeim þannig.“

Vantar svona safn

Sigurður segir þennan tíma hafa verið mjög skemmtilegan og segir að það ætti hiklaust að opna nýtt sædýrasafn á Íslandi. „Það er ekki spurning, það væri hægt að vera með svona safn hérna aftur.“



„Ég verð frægur!“
Siggí spjallar við fólkið.



**Loksins Kálfin-
um** Siggá slak-
að í laugina.

1 Elska ís

„Minn helsti veikleiki í mat er að ég elska ís og vil helst hafa Baileys út á. Svo getur björinn þvælst fyrir.“



2 Mikið fyrir döðlur

„Mér finnst líka góðar lífrænt ræktaðar döðlur.“

3 Síðasti sölundagur

„Ég trúir ekki á síðasta sölundag, eftir að flugvirkjar sögðu mér í samningum að hann væri oftast settur mitt á milli framleiðsludags og þegar varan væri örugglega ónýtt. Þetta vekur stundum blendin viðbrögð hjá öðrum í fjölskyldunni.“



4 Hreinlætis-árátta

„Ég er með hreinlætisárátta og þoli ekki að hafa allt í drasli.“



5 Frestunar-árátta

„Sumu get ég þó frestað endalaust, t.d. er ég ekki enn búinn að taka jólaseriuna af svölunum.“

6 Jafnaðargeð

„Ég held það segi eitthvað um mig að konan mín fer alltaf að hlæja þegar mér er hælt fyrir jafnaðargeð. Kannski er ég bara svona lítil jafnaðarmaður.“



7 Feiminn

„Fyrir 20 árum sagði maður við mig í Ameríku að ég mætti ekki vera svona feiminn, ég þyrfti að brjótast út úr skelinni og fara að tala við fólk. Margir sem ég þekki vilja hafa tal af þessum manni.“

8 My name is Earl

„Mér finnst „My name is Earl“ á Sirkus vera langfyndnustu þættirnir sem núna eru í sjónvarpinu, en ég er líka svakalega spenntur fyrir 24 þáttunum.“



Ari Edwald talar um hreinlætis-árátta, jólaseríur og ást sína á ís.

10

hlutir sem þú vissir ekki um mig...

ELSKAR BAILEYS OG DÖÐLUR



9 Vestfirðir

„Ég er ættaður af Vestfirðum í báðar ættir, en var í sveit í mörg sumur á tveimur bæjum, Hamri og Egg í Hegranesi, Skagafirði.“

10 Þrjú börn

„Ég á þrjú gullfalleg og bráðgáfuð börn (þau tvö eldri náðu meira að segja að bæta þessu sjálf inn á listann hjá mér).“



4.997 KR. Á MÁNUÐI TIL 5. JÚLÍ

PÁSKATILBOÐ

STÖB 2 BÍÓ FYLGIR FRITT MEÐ!

515 6100 | STOD2.IS
SKÍFAN | OG VODAFONE



SKEMMTUFGASTA

SPURNINGAKEPPNI

I HEIÐVIT

SPURNINGAKEPPNIN
SPURÐU VIN PINN



1. Hvers son er Einar Ágúst fyrrverandi Skítamóralismaður?
2. Hver er fyrirliði knattspyrnuliðsins Chelsea?
3. Hvert er nýtt nafn Íslandsbanka?
4. Hvað voru ákæruliðirnir margir sem Baugsmenn voru sýknaðir af í síðustu viku?
5. Hver er ritstjóri þáttarins Kompáss á NFS?
6. Hvað heitir McDonald's-trúðurinn?
7. Hver er þróunarstjóri hjá Eddu útgáfu?
8. Hvað hét hljómsveit Geira Sæm?
9. Hvað heitir þátturinn sem Sigurður G. Tómasson er með á NFS?
10. Botnaðu setninguna: „Mamma beyglar alltaf munninn, þegar hún...“
11. Hvað heitir kaffihúsið sem er á móti Þjóðleikhúsinu?
12. Hvað eru til margir gjaldmiðlar í heiminum?
13. Við hvaða götu stendur Þjóðarþórhlaðan?
14. Hver á munninn sem Karíus og Baktus búa í?
15. Hvað tekur Hummer-limminn hans Geira á Goldfinger marga farþega?
16. Hvers lensk var kindin Dollý?
17. Hvað er Bubbi Morthens gamall?
18. Hvað heitir persónan sem Keanu Reeves leikur í Matrix?
19. Hvað eru dvergarnir margir í Mjallhvíti og dvergunum sjö?
20. Hvaða fingur hefur sama næmi og tungan?



RÉTT SVÖR

11. Kaffi Kúltúra
12. Um 180
13. Arngrímsgötta
14. Jens
15. Sautján
16. Skokk
17. Verður fimmtugur 6. Júní
18. Neo
19. Spó
20. Vistfingur

1. Víðisson
2. John Terry
3. Gíttir
4. Átta
5. Jóhannes Kr. Kristjánsson
6. Ronald McDonald
7. Kristján B. Jónsson
8. Húnaungstunglið
9. Miklabraut
10. maskarar augun

SUNDRADIR FÖLLUM VÉR...?



ÉG HEFÐI EKKI ÁTT
AÐ SKRIFA ÞESSAR
BÆKUR - NÚ KEMUR HANN
ALDREI AFTUR!

HVERNIG
GERÐI LAXNESS
ÞETTA EIGINLEGA?

H&N-mynd Þorvaldur

hér&nú

STÚLKAN
Eva María
Jóhannesdóttir
22 ára

Eva María Jóhannesdóttir er 22 ára og er búin að vinna á leikskóla í um hálf t. „Þetta er alveg rosalega gaman, það langskemmtilegasta sem ég hef unnið við hingað til,“ segir Eva sem hefur mjög gaman af börnum. Áttu einhver áhugamál? „Ég bara man það ekki núna, því ég er ennþá sofandi,“ segir Eva María sem er á lausu.



HÉR & NÚ KROSSGÁTAN

NR.26

	1	2	3		4	5	6			
	7			8		9		10		
	11			12	13					
	14	15			16				17	18
19			20	21				22	23	
24			25	26			27	28	29	
	30			31		32			33	
34			35			36	37		38	
		39					40	41		42
43	44				45		46	47		
48			49	50				51		52
	53				54		55		56	
					57				58	
	59							60		

- LÁRÉTT**
- | | | | | |
|-------------------------|-------------------------|-------------------|--------------------|--------------------|
| 1 FORSÖGN (3) | 26 ENN (5) | 49 SJOKK (5) | 6 OTA (4) | 36 SVARA (4) |
| 4 NEÐAN (3) | 29 GALDRASTAFUR (3) | 51 Í MIÐJU (4) | 8 ÚT (5) | 38 SNÖGGT GELT (5) |
| 7 BANDARÍKJAMAÐUR (4) | 30 EINSKÆR (5) | 53 HÁR (3) | 10 BORG (4) | 39 FERÐ (3) |
| 9 SKARÐ (3) | 32 AÐ (3) | 54 RÖKKUR (4) | 13 SAMSVARANDI (5) | 40 VONSKA (6) |
| 11 PÍLA (2) | 33 TÆRA (3) | 56 TVEIR EINS (2) | 15 SVALL (4) | 42 NOT (6) |
| 12 NEYTA (5) | 34 ÍPRÓTTAFÉLAG (2) | 58 ÖNN (3) | 18 FUGL (4) | 44 BÝLI (2) |
| 14 ÖRVERPI (4) | 35 NUDDA (4) | 59 SÖGU (6) | 19 TVEIR EINS (2) | 46 FUGLAR (5) |
| 16 BOR (5) | 37 SETTU (5) | 60 VAG (4) | 21 ÞURFA (5) | 49 HAKA (4) |
| 17 TVEIR EINS (2) | 39 PIPARFUGL (6) | | 23 HEILARI (7) | 50 SVIF (4) |
| 19 LÍÐA VEL (3) | 41 HNEYGÐUR TIL E-S (5) | LÓÐRÉTT | 25 HÆNGUR (5) | 52 TIKKA (4) |
| 20 ÞRÆDIR Í VEFNAÐI (4) | 43 HEIMAMAÐUR (4) | 1 ÖRLÖG (4) | 27 SKILVEGGUR (3) | 53 SUSS (3) |
| 22 HÓTA (4) | 45 RÁ (3) | 2 VEISLA (5) | 28 TÖFRAORD (4) | 55 KLUKKA (2) |
| 24 FUGL (4) | 47 RYKKORN (2) | 3 UTAN (2) | 31 TRJÁTEGUND (3) | 57 ÓNEFNÐUR (2) |
| | 48 SKÍR (3) | 5 KÖNNUN (4) | 34 EYJA (4) | 58 UPPHRÓPUN (2) |

NÝTT

Americanflex®

Glæsileiki



BOX COM BAÚ

Fullkomin lausn!
Nýttu plássíð. Frábærar lausnir í
unglingaherbergjö, sumarbústaðinn
eða hvar sem er.



DUPLO BOX

Nýttu plássíð. Frábær lausn í
unglingaherbergjö

BUONO

Mjög vandað rúm með Bonnel sjálfstæðu
gormakerfi. Sérstyrkt á hliðum og miðju.
Ofnæmisprófað, og vandað rúm.

Feringartilboð

120 x 200 verð kr.59,900,-



RÚM & SÓFI
húsgagnaverslun

Borgartúni 28 · 105 Reykjavík · Sími 5618833

KAUPTU EKKI KÖTTINN Í SEKKNUM

BJÓÐUM EVRÓPUGERÐIR MEÐ 24 MÁN. VERKSMÍÐJUÁBYRGÐ



GRAND CHEROKEE

GERÐU RÉTTAN VERÐSAMANBURÐ

Jeep



Evrópugerð Grand Cherokee

CRD 2006 **Diesel Mercedes Benz**

Sýningarbíll á staðnum

Ath. Nýir bílar frá Evrópu

Eigum á lager nokkra nýja
Jeep Grand Cherokee

Evrópugerðir með 2ja ára verksmiðjuábyrgð

Verð frá kr. 4.790.000.-

Grand Cherokee Ltd. og Laredo
með 3.0 L. V6 Mercedes Benz Dieselvél
Stuttur afgreiðslutími



2ja ára verksmiðjuábyrgð - Sérhæft þjónustuverkstæði með bilanaleitatölvu sem tryggir vönduð vinnubrögð

Opíð mánud.-föst. kl.9-18 laugard. kl.12-16

Studiobilar ehf. Sími: 5400 800 - Fax: 5400 801
Smiðsbúð 2 210 Garðabær - E-mail: studiobilar@studiobilar.is

Hringdu núna...

Sími 5400 800

www.studiobilar.is

VEGGSPORT

Skvass & Heilsurækt

Stórhöfða 17, v. Gullinbrú · 577 5555 · 577 5566

Gufubað



Karfa



Skvass



Spinning



Erobíkk



Golfhermir



Tækjasalur



Allt á einum stað!

DÚNDUR TILBOÐ

Pú kaupir 3ja mánaða kort og færð 2 mánuði aukalega í kaupbæti á aðeins 16.900 kr.

Þar fyrir utan færðu frábærar gjafir:

- 1 pakka af Rauðu eðal gingsen, sem eykur súrefnisnýtingu og flýtir fyrir árangri í markvissri þjálfun.
- 5 tíma ljósakort
- Veggспорт vatnsbrúsa
- Viku vínakort í Veggспорт
- Fagleg ráðgjöf í tækjasal hjá einkaþjálfara
- Veggспорт bol



Petta er geggjað!!!

Pú getur ekki látið þetta fram hjá þér fara.